



TÍMARIT UNIFEM



'05
1.tbl. 15.árg.



UNIFEM í þágu kvenna



Það hefur komið berlega í ljós í þjóðfélagsumræðunni hér á landi að undanförunu að kvennaár og kvennaáratugur Sameinuðu þjóðanna skipa stóran sess í hugum fólks. Flestir eru sammála um að sú alda sem fór af stað fyrir 30 árum hefur skilað konum langt á leið í baráttunni fyrir auknum réttindum.

Það að vera fædd á kvennaári Sameinuðu þjóðanna og í upphafi kvennaáratugarins hefur sett sitt mark á líf mitt. Í minningunni var það aldrei spurning um hvort heldur hvað ég mundi taka mér fyrir hendur til að vinna að framgangi kvenna í lífinu.

Fyrir tæpum tveimur árum bauðst mér að gerast stjórnarkona í landsfélagi UNIFEM og þáði það tækifæri með þökkum. Það reyndist mér mikið gæfuspör enda hafa það verið einstök forréttindi að fá að vinna með þeim hæfileikaríku konum sem starfa með félaginu.

Tímarit UNIFEM tók stakkaskiptum í fyrra á 15 ára afmæli félagsins. Nú í ár er blaðið með nokkuð minna sniði en þó fullt af fróðleik um starfsemi landfélagsins, UNIFEM á alþjóðavísu og konur víða um heim. Í fyrsta hluta bladsins er ávarp stjórnarformanns og þvínæst utanríkisráðherra auk minningarorða Þórunnar Sveinbjarnardóttur um hina merku konu Erlu Halldórsdóttur, stofnanda Candle Light Foundation í Kampala í Úganda. Þar á eftir er fjallað um starfsemi UNIFEM á Íslandi þar sem lítið er yfir viðburðaríkt ár í starfsemi félagsins, kynntar tillögur íslensku kvannahreyfingarinnar að endurbættri stjórnarskrá og leiðir til að flýta fyrir jafnrétti auk annars sem starfsemi félagsins hefur snúist um á liðnu ári.

Meginþema bladsins í ár er 30 ára afmæli kvennaárs Sameinuðu þjóðanna. Fjallað er um áhrif kvennaáratugarins á íslenskt samfélag, kvennaráðstefnur Sameinuðu þjóðanna og áhrif þeirra á jafnréttisbaráttuna á alþjóðavísu auk einstakra mála sem afgreidd hafa verið á ráðstefnunum og skipt hafa sköpum fyrir lagalega stöðu kvenna. Einnig er þar umfjöllun um stjórn málaþáttöku kvenna frá Pekingráðstefnunni 1995 og því velt upp hvort eitthvað hafi breyst.

Því næst er fjallað um konur og alþjóðamál en þar er tekið á ýmsu, svo sem uppbyggingarstarfi UNIFEM í Kósóvó, starfsemi UNIFEM og stjórn málaþáttöku kvenna í Mið- og Austur-Evrópu, stefnumiðum Íslands í þróunarsamvinnu, stöðu kvenna í Miðausturlöndum og stöðu flóttakvenna í Tansaníu. Í síðasta kafla tímaritsins er fjallað um ofbeldi gegn konum. Þar er umfjöllun um austurrísku leiðina í baráttunni gegn heimilisofbeldi, sáttmála Evrópuráðsins gegn mansali og Ofbeldissjóð UNIFEM, sem hefur það að markmiði að vekja athygli á og útrýma ofbeldi gegn konum.

Það er von mín að útgáfa tímaritsins megi vera liður í því að vekja athygli á stöðu kvenna á alþjóðavettvangi á sama tíma og það geti veitt lesendum innblástur til góðra verka í þágu kvenna. Oft veltrí lítill þúfa þungu hlasi og ef hvert og eitt okkar leggur sitt lóð á vogarskálarnar getum við breytt heiminum í sameiningu.

UNIFEM á Íslandi og ritnefnd Tímarits UNIFEM þakkar öllum sem komu að gerð bladsins og einnig þeim sem styrktu útgáfu þess. Sérstakar þakkir fá útgáfufélagið Hæfir sf., Sóley Stefánsdóttir hönnuður, ljósmyndarar og aðrir þeir sem lögðu hönd á plóginn.

Edda Jónsdóttir

EKKI LÁTA ÚTLITIÐ
BLEKKJA ÞIG

BURT MEÐ
LAUNAMUN
KYNJANNA **VR**

Útgefandi: UNIFEM á Íslandi
Þróunarsjóður Sameinuðu
þjóðanna í þágu kvenna

Laugavegi 42, 101 Reykjavík
Sími: 552 6200, Fax: 562 6010
Netfang: unifem@unifem.is
Veffang: www.unifem.is

Ábyrgðarmaður: Rósa Erlingsdóttir
Ritstjóri: Edda Jónsdóttir

Ritnefnd og prófarkalestur:
Birna Þórarinsdóttir, Edda Jónsdóttir,
Hrund Gunnsteinsdóttir, Jónína Helga
Þórólfsdóttir og Rósa Erlingsdóttir

Aðstoð við útgáfu: Hæfir sf.
Sími: 558 8100
Netfang: utgafa@utgafa.is

Ljósmyndir: ýmsir, sjá merkingar á myndum
Hönnun og uppsetning: Sóley Stefánsdóttir
Prentun: Gutenberg

Efnisyfirlit

Öflugt starf UNIFEM á Íslandi skilar árangri á alþjóðavísu

6 Rósa Erlingsdóttir stjórnarformaður fjallar um starfsemi landsfélags UNIFEM á liðnu ári og þýðingarmiklar alþjóðasamþykktir í þágu kvenna á alþjóðavettvangi.

Ávarp utanríkisráðherra

9 Í ávarpi sínu fjallar Geir H. Haarde um réttindabaráttu kvenna síðastliðin 30 ár og aukin fjárframlög íslenskra stjórnvalda til þróunarmála í þágu kvenna.

Kraftaverkatonu sárt saknað

10 Minningarorð um Erlu Halldórsdóttur stofnanda Candle Light Foundation í Kampala í Úganda.

UNIFEM á Íslandi

Á liðnu starfsári

11 Síðastliðið ár hefur verið einkar viðburðaríkt í starfi UNIFEM á Íslandi. Þær Rósa Erlingsdóttir stjórnarformaður og Birna Þórarinsdóttir framkvæmdastýra félagsins líta yfir farinn veg og reifa það sem framundan er.

„Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“

14 Rósa Erlingsdóttir stjórnarformaður og Birna Þórarinsdóttir fjalla um tillögur kvannahreyfingarinnar að endurbættri stjórnarskrá.

Með markmiðssetningu og eftirfylgni næst árangur í jafnréttisbaráttunni

17 Edda Jónsdóttir ræddi við Elsu Þorkelsdóttur, lögfræðing og ráðgjafa í jafnréttismálum, um breytingartillögur kvannahreyfingarinnar er varða stjórnarskrá Íslands og ýmsar leiðir til að flýta fyrir jafnrétti.

Kvennaáratugur Sameinuðu þjóðanna

Áhrif kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna á íslenskt samfélag

21 Brynhildur Einarsdóttir sagnfræðingur spurði nokkrar merkiskonur út í áhrif kvennaáratugar SP á íslenskt samfélag.

Sagnakonur að spjalli

23 Auður Jónsdóttir rithöfundur og Inga Huld Hákonardóttir, sagnfræðingur og rithöfundur, ræddu áhrif kvennaárs og kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna á íslenskt samfélag.

Kvennaráðstefnur Sameinuðu þjóðanna

25 Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur fjallar um kvennaráðstefnur SP og áhrif samþykktu þeirra á jafnréttisbaráttuna á alþjóðavísu.

Af vettvangi: Peking +10 ráðstefnan í New York 2005

28 Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi, sótti ráðstefnuna og segir hér frá upplifun sinni af ráðstefnunni, umfjöllunarefnum og samþykktum hennar.

Stjórnmalapáttaka kvenna – hvað hefur breyst á 10 árum?

30 Rósa Erlingsdóttir, stjórnmalafraeðingur og formaður UNIFEM á Íslandi, fjallar um breytingar á stjórnmalapáttöku kvenna á þeim 10 árum sem liðin eru frá Pekingráðstefnunni.

Konur og alþjóðamál

Um væntingar, viðhorf og óskýr skilaboð – uppbyggingarstarfið í Kósóvó

33 Hrund Gunnsteinsdóttir, þróunarfræðingur og ráðgjafi, dvaldi í Pristína í Kósóvó í eitt ár. Hér segir hún frá ferð sinni til borgarinnar í fyrra og verkefninu sem hún var send til að leysa fyrir hönd svæðisskrifstofu UNIFEM í Mið- og Austur-Evrópu.

Mikilsvert þróunar- og uppbyggingarstarf í Mið- og Austur-Evrópu

35 Osnat Lubrani er yfirmaður svæðisskrifstofu UNIFEM í Mið- og Austur-Evrópu. Edda Jónsdóttir ræddi við hana um starfsemi skrifstofunnar og samstarf hennar við íslenska landsfélagið.

Þátttaka kvenna í stjórnmálum í Mið- og Austur-Evrópu eftir fall kommúnismans

37 Jóhanna Jónsdóttir stjórnmálafræðingur fjallar um stjórnmálaþátttöku kvenna eftir fall kommúnismans.

Stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu 2005 – 2009

38 Drífa Hrönn Kristjánsdóttir þróunarfræðingur fjallar um nýútkomna skýrslu utanríkisráðuneytisins um þróunarsamvinnu.

Kúgun kvenna: Trúarbrögð eða feðraveldi?

39 Amal Tamimi félagsfræðingur veltir því fyrir sér hvort kúgun kvenna í Miðausturlöndum sé sprottin af trúarlegum toga eða feðraveldi.

Flóttakonur

41 Magnea Marinósdóttir stjórnmálafræðingur dvaldi í Lukole flóttamannabúðunum í Kagera héraði í Tansaníu, þar sem hún gerði rannsókn á aðgerðum til að stemma stigu við kynbundnu ofbeldi. Hér fjallar hún um reynslu sína og niðurstöður rannsóknarinnar.

Ofbeldi gegn konum

Austurríska leiðin gegn heimilisofbeldi


43 Jónína Helga Þórólfsdóttir, sérfræðingur í alþjóðasamskiptum, fjallar um austurrísku leiðina og Rosu Logar sem hefur um árabil tekið þátt í starfi sem miðar að því að útrýma hvers kyns ofbeldi gegn konum; heimilisofbeldi og öðrum mannréttindabrotum.

Sáttmáli Evrópuráðsins gegn mansali

46 Hinn 3. maí var sáttmáli gegn mansali samþykktur af ráðherranefnd Evrópuráðsins. Silja Bára Ómarsdóttir, sviðsstjóri á Jafnréttisstofu, fjallar um sáttmálann og áætluð áhrif hans.

Ofbeldissjóður UNIFEM

47 Ofbeldissjóður UNIFEM hefur verið starfsræktur frá 1996 með það að markmiði að vekja athygli á og útrýma ofbeldi gegn konum. Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi fjallar um ofbeldi gegn konum og mikilvægi sjóðsins á alþjóðavísu.





Rósa Erlingsdóttir, stjórnarformaður UNIFEM á Íslandi

Öflugt starf UNIFEM á Íslandi

skilar árangri á alþjóðavísu

Í ár eru liðin 30 ár frá upphafi kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna og á næsta ári fagnar UNIFEM, þróunarsjóður SP í þágu kvenna einnig 30 ára afmæli. Margt hefur verið minnst í sögu kvenna á þessu ári og hefur UNIFEM á Íslandi tekið virkan þátt í undirbúningi viðburða tengdum afmælisárinu. Þróun og staða jafnréttismála hér á landi helst í hendur við þá þróun sem orðið hefur í málaflokknum á alþjóðavettvangi og innan alþjóðastofnana síðastliðna áratugi. Breytingar á löggjöfinni eru tilkomnar vegna atburða utan Íslands, t.d. vegna samþykktar SP eða vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Þess utan hefur kvannahreyfingin verið mikilvægur gerandi á sviði jafnréttismála hérlandis sem annars staðar.

Kvannahreyfingin á Íslandi hefur á þessu ári minnst merkisatburða í sögu íslenskra kvenna. Hinn 19. júní var blásið til baráttuhátíðar á Þingvöllum þar sem þess var minnst að 90 ár eru liðin frá því konur fengu kosningarétt og 24. október var kvennafrið endurvakið með þátttöku fimmtíu þúsund kvenna á útifundi í miðborg Reykjavíkur. UNIFEM á Íslandi hefur tekið virkan þátt í þessum viðburðum og átt sæti í framkvæmdanefnd vegna viðburðanna.

Þróun og staða jafnréttismála hér á landi er nátengd þeirri þróun sem orðið hefur í málaflokknum á alþjóðavettvangi og innan alþjóðastofnana síðastliðna áratugi. Þannig hafa breytingar á löggjöfinni komið til vegna atburða utan Íslands, t.d. vegna samþykktar Sameinuðu þjóðanna (SP) eða vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Þess utan hefur kvannahreyfingin verið mikilvægur gerandi á sviði jafnréttismála hérlandis sem annars staðar. Þrjátíu ár eru liðin frá upphafsári kvennaáratugar SP, 1975-1985. Þá vöktu íslenskar konur heimsathygli með því að leggja niður störf á degi SP 24. október. UNIFEM á Íslandi hélt nú á haustmánuðum alþjóðlega ráðstefnu til að minnst þess að tíu ár eru liðin frá fjórðu kvennaráðstefnu SP í Peking. Á ráðstefnunni í Peking voru samþykkt tvö þýðingarmikil plögg, annars vegar pólitísk viljayfirlýsing og hins vegar framkvæmdáætlun um jafnrétti kynjanna sem aðildarríkin

skuldbinda sig til að vinna eftir. Pekingáætlunin, eins og framkvæmdáætlunin er jafnan kölluð, er ein af grunnstöðunum í starfi UNIFEM og taka verkefni sjóðsins mið af þeim markmiðum sem þar eru sett fram. Áætlunin byggir á kvennasáttmála SP sem samþykktur var árið 1979.

Konur, hvað svo?

Þegar fulltrúar ríkisstjórna, alþjóðastofnana og fjálsra félagsamtaka hittust í höfuðstöðvum SP í mars síðastliðnum, til að minnst þess að áratugur er liðinn frá kvennaráðstefnunni í Peking, var það samröma álit þeirra að þó fagna megi framförum hafi þær verið allt of hægfara. Þrjátíu árum eftir að jafnréttisstarf SP hófst með kvennárinu 1975 eru konur enn merkisberar fátæktar og HIV/alnæmis, auk þess sem þær bera þungan af afleiðingum vopnaðra og borgaralegra átaka og mansals. Við hvorki viljum né getum beðið þrjátíu ár til viðbótar eftir kynjajafnrétti eða þess að yfirvöld hlýði kalli kvannahreyfinga um að konur njóti sömu mannréttinda og karlkyns samborgarar þeirra. Við erum stödd á tímamótum og eigum að nýta okkur þau til að feta leiðina til framfara og þróunar fyrir konur og snúa af braut átaka, fátæktar og vítahrings kynbundins ofbeldis. En hvað þarf til? Allt frá upphafi kvennaáratugarins og sérstaklega frá 1995 hefur verið unnið markvisst að jafnréttismálum innan alþjóðastofnana og flestra aðildarríkja þeirra. Stjórnvöld þessara sömu ríkja eiga það engu að síður sammerkt að hafa fetað hænuskref til framfara á sviði jafnréttismála þar sem pólitískar aðgerðir og fjármagn hafa ekki fylgt hástemmdum viljayfirlýsingum þeirra. Þar kreppir skóinn.

Hér heima fyrir hefur íslenska löggjafarvaldinu til að mynda aldrei tekist að horfa á jafnréttismálin á heildstæðan máta þrátt fyrir að jákvæðar breytingar hafi orðið á íslenski jafnréttislöggjöf í samræmi við alþjóðlega þróun á sviði jafnréttismála. Þannig kveða lögin til að mynda ekki á um aðgerðir til að stemma stigu við ofbeldi gegn konum eða til að fjölga konum í stjórnmálum og ákvarðanatöku. En Íslendingar eru ekki einir um að stíga varlega til jarðar hvað varðar jafnréttismál enda er það staðreynd að málefni kvenna eru meðal erfiðustu málaflokkanna innan SP. Á tíu ára afmæli Pekingáætlunarinnar er pólitískt andrúmsloft innan SP slíkt að ekki þótti vænlegt að ræða texta hennar sérstaklega af ötta við bakslag. Kvennanefnd SP boðaði til

ofangreinds fundar í mars á þessu ári en honum var slitið 10 dögum síðar en áætlað hafði verið vegna anna við afgreiðslu ályktana fundarins sem sýnir hversu erfitt hefur reynst að komast að samkomulagi. Með fundinum lauk 10 ára endurskoðun og mati á Pekingáætluninni með samþykkt stuðningsyfirlýsingar um mikilvægi áætlunarinnar og tíu ályktana til viðbótar. Fundurinn staðfesti þar með að samstaða ríkir enn um áætlunina og markaði upphafið að nýju tímabili eftirfylgni við hana. Rachel Mayanja, sérstakur ráðgjafi um jafnréttismál innan SP, sagði í lokaávarpi sínu að samantekt á afrekum kvenna undanfarinn áratug hefði sýnt fram á hversu áhrifamiklar þær geta verið þegar þær fá tækifæri til starfa á jafnræðisgrundvelli á öllum sviðum. Aðildarríki, fjáls félagsamtök og SP hefðu staðfest það með skýrum orðum að öll málefni snertu konur. „Konur eiga réttmætt tilkall til jafnrar þátttöku í leit heimsins að lausnum – hvort sem það varðar mótun nýrrar efnahags- eða félagsmálástefnu, fyrirbyggjandi aðgerðir gegn átökum eða viðhald friðar. Við megum ekki una okkur hvíldar, við verðum að halda áfram þeirri miklu vinnu sem felst í framkvæmd Pekingáætlunarinnar og við verðum að tengja það starf við Þúsaldaryfirlýsinguna. Við verðum að tryggja að aldrei verði stigin skref aftur á bak.“

Þúsaldarmarkmiðin og kynjajafnrétti

Við aldamótin voru samþykkt tvö þýðingarmikil plögg þ.e. Þúsaldaryfirlýsing og Þúsaldarmarkmið SP um þróun (Millennium Development Goals) en þau byggja á þeirri sannfæringu að þróunarstarf eigi að miða að „frelsi frá ötta og frelsi frá skorti“. Markmiðin marka tímamót hvað varðar skýra stefnumótun um þróun og fátækt og hafa UNIFEM og skrifstofa SP um málefni kvenna (Division of the Advancement of Women, DAW) unnið að því að kynjavíddin sé skoðuð sérstaklega í hverju markmiði fyrir sig þó aðeins tvö þeirra fjalli sérstaklega um konur og jafnrétti. Vinna þessi byggir á þeirri sannfæringu að efla þurfi frumkvæðisrétt kvenna og auka þátttöku þeirra í ákvarðanatöku svo hvarvetna megi nýta þekkingu og reynslu þeirra í þágu Þúsaldarmarkmiðanna. Þannig hafa markmiðin opnað nýjar leiðir að auknu kynjajafnrétti. Til að mynda er fjallað um að baráttu okkar gegn fátækt verði að taka mið af þeirri dapurlegu staðreynd að helmingi mannkyns, stúlkum og konum, hefur í flestum ríkjum heims kerfisbundið verið haldið frá eins sjálfsögðum mannréttindum og menntun, heilsugæslu, eignarhaldi og þátttöku í opinberu lífi. Innan aðildarríkja SP hafa margvíslegar aðferðir verið þróaðar til að hrinda ákvæðum Pekingáætlunarinnar og Kvennasáttmála SP í framkvæmd en einmitt þær hafa reynst árangursríkar við vinnu að Þúsaldarmarkmiðunum.

Ísland og UNIFEM

Ljóst er að tímamótin hafa hleypt kappi í konur og karla á eftirminnilegan hátt jafnt hér heima og annars staðar. Nú er lag fyrir stjórnvöld að skerast í leikinn með afdrifaríkum hætti og tryggja að ekki verði stigin skref aftur á bak. UNIFEM á Íslandi stendur sterkt að vígi og hefur skýra framtíðarsýn. Félagið vill nýta sér kraftinn sem felst í þriðju bylgju femínismans og hefur tekið höndum saman með öðrum kvennasamtökum á landinu til að kynna boðskap


„Við hvorki viljum né getum beðið þrjátíu ár til viðbótar eftir kynjajafnrétti eða þess að yfirvöld hlýði kalli kvenna-hreyfinga um að konur njóti sömu mannréttinda og karlkyns samborgarar þeirra. Við erum stödd á tímamótum og eigum að nýta okkur þau til að feta leiðina til framfara og þróunar fyrir konur og snúa af braut átaka, fátæktar og vítahrings kynbundins ofbeldis. En hvað þarf til?“

kynjajafnréttis og mannréttinda kvenna víða um heim. Um leið og við fjöllum um árangur og eftirfylgni alþjóðlegra skuldbindinga á alþjóðavísu viljum við skoða stöðu mála hér á landi og spegla okkur í hlutskipti kvenna um allan heim.

Íslensk stjórnvöld hafa á síðustu árum stóraukið framlög sín til UNIFEM. Sjóðurinn er rekinn fyrir fjálsframlög frá aðildarríkjum SP en fær ekki fast hlutfall fjárframlaga eins og margar aðrar stofnanir innan þeirra og er þar af leiðandi viðkvæmur fyrir sveiflum í efnahagslífi eða pólitískum breytingum hjá aðildarríkjunum. UNIFEM heyrir undir Þróunarmálastofnun SP, UNDP, og er einn minnsti þróunarsjóðurinn innan SP en heildartekjur hans voru um 40 milljónir dollara árið 2004 og nam sameiginlegt framlag Norðurlandanna 25% af heildarframlögum til hans. Norðurlöndin hafa ásamt Kanada stutt sjóðinn dyggilega allt frá stofnun hans og þótt framlög Íslands hafi verið lægri og óstöðugri en annarra ríkja Norðurlanda hafa þau sem fyrr segir hækkað umtalsvert að undanförmu. Með 12.5 milljón króna viðbótarframlagi utanríkisráðherra sem tilkynnt var um á fundi UNIFEM 25. nóvember sl. hefur Ísland nú skipað sér í fremstu röð meðal bakhjarla sjóðsins.

Verkefni UNIFEM eru á annað hundrad talsins um heim. Þó mikilvægi þróunarástæðar í þágu kvenna sé löngu viðurkennt er enn langt í land að UNIFEM geti sökum smæðar sinnar mætt eftirspurn eftir fjárframlögum til verkefna í þágu kynjajafnréttis. Af þessu má ljóst vera að styrkja þarf sjóðinn verulega hvað varðar fjárframlög aðildarríkjanna annars vegar og stöðu hans innan SP hins vegar.

UNIFEM á Íslandi vill taka virkan þátt í umræðum um starfsemi SP og áherslur Íslands í utanríkismálum í aðdraganda umsóknar Íslands um fast sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna árið 2009. Í því samhengi er vert að athuga hvernig íslensk sérfræðiþekking getur verið Íslandi til framdráttar á alþjóðavettvangi t.d. í aðgerðum gegn útbreiðslu vændis og mansals, á sviði marghliða og tvíhliða þróunarsamvinnu eða við þá vinnu sem snýr að samþættingu jafnréttissjónarmiða við starfsemi íslenskrar og alþjóðlegrar friðargæslu sbr. ályktun Öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, stríð og öryggi. UNIFEM á Íslandi treystir því að íslensk stjórnvöld muni með framboði sínu til Öryggisráðsins leggja ríka áherslu á jafnréttismál og þar með stöðu UNIFEM innan stjórnerkis Sameinuðu þjóðanna. ■



Myndin af pabba - Saga Thelmu er sönn saga barns sem var rænt sakleysinu á hræðilegri hátt en hægt er að hugsa sér. En hún er jafnframt saga konu sem tókst á við óbærilega reynslu og stóð uppi sem sigurvegari.



Geir H. Haarde utanríkisráðherra

Árið 1975 markaði tímamót í réttindabaráttu kvenna um heim allan þegar Sameinuðu þjóðirnar lýstu því yfir að árið yrði tileinkað konum. Hér á Íslandi var ýmislegt gert til að vekja athygli á árinu en mesta athygli vakti þó kvænnafrídagurinn hinn 24. október 1975, þegar íslenskar konur lögðu niður vinnu og flyktust á baráttufundi víðsvegar um landið. Þann dag varð öllum Íslendingum ljóst að án atvinnuþátttöku kvenna stöðvaðist gangverk þjóðfélagsins.

Margt hefur áunnist í réttindabaráttu íslenskra kvenna á þeim 30 árum sem liðið hafa frá kvænnafrídeginum 1975, og í dag getur Ísland státað sig af því að vera eitt af þeim löndum sem hvað lengst hafa náð í jafnrétti kynjanna. Því miður er raunin ekki sú sama um heim allan, og er hlutskipti kvenna í þróunarríkjum og á ófriðarsvæðum vert áhyggjuefni sem alþjóðasamfélaginu ber að takast á við.

Konur gegna grundvallarhlutverki í framþróun fátækari ríkja, sem og við uppbyggingarstarf að ófriði loknum. Reynslan sýnir að aðstoð við menntun, heilbrigði og atvinnurekstur kvenna hefur margfeldisáhrif á samfélagið og hefur mikilvægi þess að styðja við framgang kvenna ítrekað verið sannreynt.

Sérþekking og reynsla UNIFEM, sem og árangur af starfsemi sjóðsins, gerir hann einkar álitlegan kost þegar kemur að stuðningi við málefni kvenna í fátækum löndum og á ófriðarsvæðum. Íslensk stjórnvöld hafa átt mjög gott samstarf við UNIFEM og þá sérstaklega í Kósóvó, þar sem íslenskar konur hafa frá árinu 1999 gegnt borgaralegri friðargæslu á vegum sjóðsins. Það verkefni hefur þótt takast mjög vel og verið Íslendingum til sóma.

Ánægjulegt er að greina frá því að í ljósi aukningar á framlögum Íslands til þróunarsamvinnu, og með farsælt samstarf íslenskra stjórnvalda og UNIFEM í huga, hefur verið ákveðið að stórauka opinber framlög til UNIFEM. Hluti þessa fjárframlaga er viðbótarframlag vegna nýs jafnréttisverkefnis UNIFEM á Balkanskaga þar sem starfsemin í Kósóvó verður lögð til grundvallar.

Allt frá stofnun landsamtaka UNIFEM á Íslandi hafa samtökin unnið markvert starf við að kynna fyrir Íslendingum starfsemi Sameinuðu þjóðanna í baráttunni fyrir jafnrétti og bættri stöðu kvenna. Samstarf og samráð utanríkisráðuneytisins við landsamtökin hefur farið sívaxandi, og er það ekki síst fyrir tilstuðlan samtakanna sem ráðuneytið hefur kynnst betur starfsemi og árangri Sameinuðu þjóðanna á þessum vettvangi.

Sem viðurkenningu á starfsemi landsamtakanna hlutu þau í ár styrk frá íslenskum stjórnvöldum og er það mín von að sá stuðningur verði þeim enn frekari hvatning til þess að halda áfram á farsælli braut. Þá mun nýr húsakostur án efa gera samtökunum kleift að auka enn frekar þekkingu og áhuga Íslendinga á starfsemi UNIFEM og óska ég þeim innilega til hamingju með hina glæsilegu aðstöðu.

Geir H. Haarde
utanríkisráðherra



UNIFEM á Íslandi

Kraftaverkaku sárt saknað

Minningarorð um Erlu Halldórsdóttur stofnanda Candle Light Foundation



Það var á aðfangadag í fyrra að Erlu Halldórsdóttir kvaddi þennan heim eftir nokkurra vikna erfiða sjúkdómslegu. Enginn var undir það búinn að Erlu færi jafnsögg og snemma og raunin varð. Og ef til vill lýsir það því best að við sem störfuðum með henni í stjórn Alnæmisbarna tölum oft um hana eins og hún sé með okkur enn í dag.

Erlu Halldórsdóttir stofnaði Candle Light Foundation í Kampala í Úganda fyrir tæpum fimm árum. Samtökin eru stofnuð í skugga alnæmisfaraldurs sem geisar hvað harðast í Afríku. Tilgangur þeirra er að hjálpa ungum stúlkum að koma undir sig fótunum í lífinu. Stúlkurnar hjá Candle Light Foundation hafa lent á götunni og eiga oftast engan að í stórborginni Kampala. Margar hafa smitast af HIV-veirunni. Þær starfa hluta dags við kertagerð sem veitir þeim nauðsynlega endurhæfingu til þess að takast á við eigið líf en það sést best af því að leið flestra liggur síðan í skóla til þess að afla sér starfsmenntunar.

Erlu er sárt saknað í Kampala og Reykjavík en það er fjarri þeim sem með henni störfuðu að leggja árar í bát. Starfsemi Candle Light Foundation blómstrar sem aldrei fyrr og fjöldi einstaklinga hér á landi styður hana með fjárframlögum. Þannig hygg ég að Erlu hefði viljað hafa það. Okkur sem eftir lífum er enda bæði ljúft og skylt að halda frumkvöðlastarfi Erlu áfram um ókomna tíð.

Blessuð sé minning sómakonunnar Erlu Halldórsdóttur.

Þórunn Sveinbjarnardóttir,
formaður stjórnar Alnæmisbarna.

Á liðnu starfsári

Rósa Erlingsdóttir, stjórnarformaður UNIFEM og Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra og fara yfir störf UNIFEM á liðnu ári.

Óhætt er að segja að starfsemi UNIFEM á Íslandi hafi verið viðamikil á undangengnu starfsári. Félagið fagnaði 15 ára starfsafmæli sínu árið 2004 og hefur ýmist í samstarfi við innlenda kvennahreyfingu, félagsamtök og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum minnst tímamóta í sögu íslenskra kvenna og jafnréttisstarfs á alþjóðavettvangi.

Átak gegn kynbundnu ofbeldi

Á haustdögum 2004 kallaði UNIFEM á Íslandi til samráðsfundar um 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi en staðið hefur verið fyrir áttárinu frá árinu 1991 í yfir 130 löndum. UNIFEM á Íslandi hafði forgöngu um að staðið væri fyrir áttárinu í fyrsta sinn hér á landi og gekk verkefnið vonum fram. Á hverjum degi áttáttins, sem stóð yfir dagana 25. nóvember til 10. desember, stóð einhver hinna 16 samstarfsaðila áttáttins fyrir viðburði og greinaskrifum í Morgunblaðið. Markmiðið var að hrinda af stað vitundarvakningu og sýna fram á margar hliðar kynbundins ofbeldis. Fjölmiðlaumfjöllun var mikil og viðburðir margir vel sóttir. Á lokadegi áttáttins afhendu fulltrúar þess forsvarsmönnum Alþingis, Hæstaréttar og ríkisstjórnarinnar áskorun þar sem yfirvöld voru hvött til þess að setja fram heildstæða aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi. Áttáttárinu hefur síðan verið fylgt eftir af sérstökum aðgerðahópi þar sem UNIFEM hefur átt fulltrúa. Á vormánuðum 2005 fundaði hópurinn með nokkrum ráðherrum og stóð fyrir morgunverðarfundi um aðgerðir



stjórnvalda til að spyrna gegn kynbundnu ofbeldi. UNIFEM á Íslandi var mjög sýnilegt og fékk góða umfjöllun í fjölmiðlum með 16 daga áttáttárinu sem varð til þess að efla mjög samskipti þess og samstarf við önnur frjáls félagsamtök á Íslandi.

25. nóvember og stofnun hóps á Akureyri

Á alþjóðlegum baráttudegi SP gegn kynbundnu ofbeldi, 25. nóvember var 16 daga áttáttárinu hrint af stað með árlegum morgunverðarfundi UNIFEM á Hótel Loftleidum. Rósa Erlingsdóttir formaður félagsins og Sturla Sigurjónsson, skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins ávörpuðu fundinn og fluttu tvö erindi; Gréta Gunnarsdóttir, lögfræðingur ræddi um jafnréttismál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og dr. Sólveig Anna Bóasdóttir fjallaði um ofbeldi gegn konum út frá guðfræðilegri siðfræði. Þann sama dag var jafnframt haldinn hádegisfundur UNIFEM í Háskólanum á Akureyri. Þar töluðu Birna Þórarinsdóttir og Lilja Hjartardóttir um starf UNIFEM um allan heim, 16 daga áttáttárinu gegn kynbundnu ofbeldi og helstu baráttumál kvenna á alþjóðavettvangi. Unnið hefur verið að stofnun hópa utan höfuðborgarsvæðisins en UNIFEM er landsfélag og eru félagar alls staðar að af landinu. Fundurinn á Akureyri var nýttur til að ýta úr vör stofnun hóps á Norðurlandi og hafa Erlu Þrándardóttir, verkefnisstjóri í Háskólanum á Akureyri og Silja Bára Ómarsdóttir, stjórnmalfræðingur og deildarstjóri hjá Jafnréttisstofu haft umsjón með hópnum.

Heiðursfélagi UNIFEM á Íslandi

Á árlegum morgunverðarfundi félagsins hinn 25. nóvember var Gréta Gunnarsdóttir lögfræðingur gerð að heiðursfélagi UNIFEM á Íslandi en hún var einn stofnanda félagsins og hefur veitt því mikinn stuðning í starfi sínu sem sendi-



Gréta Gunnarsdóttir

ráðunautur hjá fastanefnd Íslands í New York. Hún hefur verið starfsmaður utanríkisþjónustunnar frá því í ágúst 1988. Hún var sendifulltrúi í Brussel frá 1991 til 1994, starfaði hjá NATO frá 1994 til 1997 og varafastafulltrúi í sendinefnd Íslands gagnvart Sameinuðu þjóðunum í New York síðastliðin fjögur ár. Gréta hefur unnið að margvíslegum verkefnum innan SP en verið sérstaklega ötul á sviði jafnréttismála. Hún hefur meðal annars verið fulltrúi Íslands í þriðju nefnd allsherjarþingsins sem fjallar um mannréttindamál og tekið sæti Íslands í Kvennanefnd SP. Hún hefur verið félaginu mikilvægur tengiliður við sendinefnd Íslands og aðalskrifstofu UNIFEM í New York. Fyrir okkur sem höfum starfað með UNIFEM hefur hún verið hvatning til góðra verka og upplýsingaveita um starfsemi SP á sviði jafnréttismála. Með þessari viðurkenningu vildi stjórn landsfélagsins heiðra og þakka Grétu fyrir vel unnin störf í þágu jafnréttismála hér heima og erlendis.



Fundur íslensku og finnsku landsnefnda UNIFEM í nýjum húsakynnum félagsins að Laugavegi 42.

Heimildarmyndir á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík

Í september 2004 efndu landsfélög UNIFEM og UNICEF á Íslandi til styrktarsýningar á heimildarmyndinni *The Day I Will Never Forget*, sem fjallar um umskurð kvenna. Myndin var sýnd á kvikmyndahátíðinni *Nordisk Panorama* en allur ágóði af styrktarsýningunni rann til félaganna tveggja. Þá tók félagið að sér dreifingu heimildarmyndar Grétu Ólafsdóttur og Susan Muska, *Women, the Forgotten Face of War* og seldi til fjölda bókasafna um allt land. Stefnt er að víðari dreifingu myndarinnar á árinu en félagið fær helming af ágóða sölunnar.

UNIFEM tók virkan þátt í *Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík* sem haldin var dagana 29. september til 9. október 2005. Í samstarfi við Grétu Ólafsdóttur átti félagið aðkomu að vali kvikmynda í mannréttindaflokk hátíðarinnar og skipulagðir voru fjölbreyttir málfundir í tengslum við sýningar þeirra sem voru mjög vel sóttir. Góður rómur var gerður að hátíðinni og vakti sérstaka athygli hversu mikil aðsókn var að myndum í mannréttindaflokknum. Félagið stefnir að samstarfi við kvikmyndahátíðina að ári en kvikmyndir eru öflugur kynningar- miðill á viðfangsefnum mannréttindabaráttu.

Útgáfu- og kynningarmál

Mikil áhersla var lögð á útgáfumál vegna yfirstandandi kynningarátaks hjá félaginu. Tímariðið kom út hinn 25. nóvember með nýju sniði og útliti en í tilefni afmælis félagsins var sérstaklega vandað til útgáfunnar. Ritstjóri afmælisritsins var Hrund Gunnsteinsdóttir, þróunarfræðingur og stjórnarkona í UNIFEM. Tímariðið hefur hvarvetna hlotið mikið lof lesenda. Á tæpum 100 síðum er þar fjallað um konur, þróun og alþjóðamál í vönduðum greinum eftir sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum sem snerta málaflökkinn. UNIFEM kann Hrund miklar þakkar fyrir glæsilega heimild um starf UNIFEM og óeingingjarnt starf hennar í þágu félagsins.

Unnið var nýtt og samræmt útlit fyrir allt kynningarefni

félagsins og var Sóley Stefánsdóttir, hönnuður ráðin í það verkefni. Vann hún fyrir félagið ýmislegt kynningarefni s.s. upplýsingabækling, bréfefni, bókamerki og útlit að nýrri heimasíðu sem opnuð var í septemberbyrjun 2005. Áður en heimasíðan var uppfærð vann starfsnemi frá Háskólanum á Akureyri ítarlega úttekt fyrir félagið á efni íslensku heimasíðunnar og annarra vefsíðna UNIFEM og gerði tillögur að endurbótum. Þá hefur starfsnemi frá Háskóla Íslands aðstoðað félagið við þýðingar á CURRENTS, reglulegu fréttabréfi UNIFEM.

Kynningar- og málfundir

Á síðastliðnu starfsári hefur félagið einbeitt sér að kynningarfundum ýmiss konar um starfsemi félagsins og þróunarsjóðsins. Farið var í heimsóknir til fjölda framhaldsskóla, samtaka og félaga, farið var í tíma hjá háskólanemum í hug- og félagsvísindum og fundað með fulltrúum allra þingflokka. Í samstarfi við Feministafélag Íslands var haldinn kynningarfundur um Peking +10 fundinn í New York þar sem framkvæmdastýra félagsins gerði grein fyrir þátttöku sinni á fundinum. Þá var haldinn málfundur um skýrslu Birnu Þórarinsdóttur um jafnréttissjónarmið í starfsemi Íslensku friðargæslunnar en skýrsluna vann Birna fyrir UNIFEM á Íslandi og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands fyrir tilstyrk utanríkisráðuneytisins. Þorbjörn Jónsson ávarpaði fundinn fyrir hönd Íslensku friðargæslunnar en í máli hans kom fram vilji stjórnenda friðargæslunnar til að taka mið af niðurstöðum skýrslunnar við val á verkefnum og stefnumótun. Þá hefur félagið í samstarfi við Jafnréttisstofu boðið Íslensku friðargæslunni fræðslu fyrir verðandi friðargæsluliða sem m.a. mun byggja á ályktun öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, stríð og öryggi.

Aðalfundur UNIFEM á Íslandi

Aðalfundur félagsins var haldinn í apríl og var hann ágætlega sóttur. Enn var ákveðið að fjölga í stjórn félagsins og eru fulltrúar í stjórn nú 9 í stað 7 áður og með stjórninni starfa 4 varamenn. Kristín Ástgeirsdóttir meðstjórnandi og Sigríður Guðmundsdóttir, fyrrverandi gjaldkeri stjórnar, létu af störfum en báðar hafa þær um árabíl starfað með landsfélaginu.

Eru þeim færðar bestu þakkar fyrir óeingingjarnt starf í þágu félagsins. UNIFEM bauð fulltrúa stjórnar kvenna af erlendum uppruna á Íslandi sæti í stjórn félagsins og er Amal Tamimi fulltrúi þeirra í nýrri stjórn. Auk hennar bættust Magna Marinósdóttir stjórnmaðlafræðingur, Drífa Hrund Kristjánsdóttir þróunarfræðingur, Brynhildur Einarsdóttir sagnfræðingur og Silja Bára Ómarsdóttir stjórnmaðlafræðingur í hóp stjórnarkvenna ýmist sem aðal- eða varafulltrúar.

Einnig sitja í stjórninni Rósa Erlingsdóttir stjórnmaðlafræðingur og formaður stjórnar; Lilja Hjartardóttir stjórnmaðlafræðingur og varaformaður; Elsa Guðmundsdóttir fjármála- stjóri og gjaldkeri, auk meðstjórnenda sem eru Ásta María Sverrisdóttir starfsmaður hjá fréttastofu NFS; Edda Jónsdóttir verkefnastýra; Hrund Gunnsteinsdóttir þróunarfræðingur; Jónína Helga Þórólfsdóttir sérfræðingur í alþjóðasamskiptum og sölufulltrúi hjá Pharmanor sæti í varastjórn.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa fjölluðu Birna Þórarinsdóttir framkvæmdastýra UNIFEM og Kolbrún Halldórsdóttir þingkona um fund Kvennanefndar SP, Peking +10 í New York.

Samstarf við íslensku kvennahreyfinguna

Félagið hefur á undangengnu ári átt í góðu samstarfi við kvennahreyfinguna og önnur félagasamtök. Áður hefur verið fjallað um 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi en UNIFEM á Íslandi átti einnig hlutdeild í afmælisviðburðum á Þingvöllum 19. júní og á Ingólfstorgi 24. október. Þá hefur félagið lagt mikið til samstarfs kvennahreyfingarinnar um stjórnarskrárbreytingarnar og kynnti framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi tillögur kvennahreyfingarinnar á ráðstefnu stjórnarskrárnefndar 11. júní.

Viðamikil ráðstefna

Í samstarfi við Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands stóð UNIFEM á Íslandi fyrir metnaðarfullri ráðstefnu í Háskóla Íslands sem bar yfirskriftina *Konur í hnattrænum heimi – Peking áratug áleiðis*. Þar komu saman innlendir jafnt sem erlendir sérfræðingar til að ræða um árangur og eftirfylgni Peking ráðstefnunnar og stöðu jafnréttismála í alþjóðlegu samhengi. Ráðstefnan var eini alþjóðlegi viðburðurinn sem haldinn var hér á landi til að minnast hinna miklu tímamóta sem felast í árinu 2005 og var framlag UNIFEM á Íslandi til afmælisdagskrár kvennahreyfingarinnar. Ráðstefnan var haldin 21. október og sló þannig tóninn fyrir kvennafríð þremur dögum síðar. Nánar er fjallað um ráðstefnuna og þátttakendur hennar annars staðar í blaðinu.

Samstarf við aðrar landsnefndir

Fimm fulltrúar finnsku landsnefndar UNIFEM komu hingað til lands í tengslum við ráðstefnuna *Konur í hnattrænum heimi* og funduðu með íslenskum stjórnarkonum UNIFEM um samstarf og framtíð landsnefndanna. Osnat Lubrani, yfirmaður svæðisskrifstofu UNIFEM í Mið- og Austur-Evrópu og Flora Macula, verkefnastjóri UNIFEM í Kósóvó sátu hluta fundarins með norrænu landsnefndunum. Á fundinum var ákveðið að íslenska og finnska landsnefndin myndu sameiginlega kynna tillögur sínar um bætt og samræmda starfshætti á fundi evrópskra landsnefnda í Þýska-

landi í nóvember. Landsfélögin njóta bæði virðingar og velvildar enda meðal sterkari landsnefnda UNIFEM sem nú eru 15 talsins. Mikilvægt er að læra af reynslu annarra landsfélaga hvað varðar árangursríkar leiðir í kynningar- og fjáröflunarmálum. Finnska landsnefndin hefur starfað í nærri 30 ár, finnsk stjórnvöld veita árlega 1 milljón dollara til þróunarsjóðsins og félagar eru tæplega fimm þúsund. Af þessu má ljóst vera að íslenska landsfélagið getur lært mikið af þessari sterku fyrirmynd. Fundur landsfélaganna var haldinn í nýjum og glæsilegum húsakynnum Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna að Laugavegi 42 sem opnuð voru formlega 24. október.

Morgunverðarfundur og 16 daga átak gegn ofbeldi

Árlegur morgunverðarfundur félagsins var haldinn 25. nóvember og markaði fundurinn jafnframt upphafið að 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi sem félagið veitti forgöngu öðru sinni. Einnig var fundað öðru sinni á Akureyri 25. nóvember og starfsemi félagsins þar fest betur í sessi.

Á döfinni

Á komandi ári verður áhersla lögð á eflingu innra starfs félagsins, aukið fræðslustarf, félagaaukningu og fjáröflun meðal einkaaðila. Einnig vill félagið eiga samráð og samstarf við stjórnvöld og utanríkisráðuneytið um framboð Íslands til öryggisráðs SP. UNIFEM vill með starfi sínu vera þessum aðilum hvatning til að leggja ríka áherslu, hér eftir sem hingað til, á framgöngu jafnréttismála á alþjóðavísu. ■



SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 18 SÍMI: 562 2654



„Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna...“

Tillögur kvennahreyfingarinnar að endurbættri stjórnarskrá

Síðla vors 2005 auglýsti stjórnarskrárnefnd, skipuð fulltrúum stjórnmalaflokkanna og sérfræðingum, eftir tillögum frá frjálsum félagasamtökum vegna endurskoðunar stjórnarskrár lýðveldisins. Tækifæri gæfist til að kynna tillögurnar opinberlega á sérstakri ráðstefnu stjórnarskrárnefndarinnar sem halda átti hinn 11. júní. Fjöldi kvennasamtaka sem þá átti í öflugum samstarfi vegna afmælisársins 2005 ákvað að láta ekki sitt eftir liggja. Konur höfðu enda aldrei fyrr haft viðlíka tækifæri til að koma að gerð eða endurskoðun stjórnarskrárinnar og það fór vel á að þær hæfu upp raust sína þegar 90 ára afmælis kosningaréttar kvenna var minnst. Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM og Rósa Erlingsdóttir, stjórnarformaður UNIFEM fjalla um tillögur kvennahreyfingarinnar að endurbættri stjórnarskrá.

Um miðjan maí reid Feministafélag Íslands á vaðið og helgaði *Hittið* umræðum um konur og stjórnarskrána. Stutt erindi fluttu Brynhildur Flóvenz, lögfræðingur og Rósa Erlingsdóttir, stjórnmalafræðingur og stjórnarformaður UNIFEM. Í kjölfarið fylgdu fjóru umræður enda mörgum spurningum um hlut kvenna í grundvallarskjali lýðræðis- og réttarríkisins ósvarað.

Erindi var sent til stjórnarskrárnefndar og óskað eftir þátttöku í ráðstefnunni. Skipta átti umræðunni 11. júní upp í þrjár málstofur: *Lýðræði á upplýsingaöld*, *Drískipting ríkisvalds*,

pólítísk forysta, virkt eftirlit og Ísland í alþjóðlegu umhverfi. Kvennahreyfingin óskaði eftir því að ávarpa allar málstofurnar enda var tekið fram í bréfinu til nefndarinnar að „mörgu er að huga við endurskoðun stjórnarskrár ef tekin er hliðsjón af jafnréttissjónarmiðum. Málefnum kynjanna er ekki hægt að skipa á þröngan bás, þau snerta samfélagið allt.“ Kvennahreyfingin vildi leggja áherslu á jafna stjórnun beggja kynja í stjórnun landsins, frumkvæðisskyldu stjórnvalda um afnám allrar mismununar gegn konum og kynbundið ofbeldi með hliðsjón af friðhelgi einkalífs og heimilis. Undir bréfið skrifuðu fulltrúar UNIFEM á Íslandi, Kvennaathvarfsins, Stígarmóta, Kvenfélagasambands Íslands, Feministafélags Íslands, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafraeðum, Kvenréttindafélags Íslands og Kvennaráðgjafarinnar.

Vinnufundur

Í framhaldi af þáttökubeiðninni var ákveðið að efna til opins vinnufundar, kvennaþings, á Hallveigarstöðum til að ræða hvernig stjórnarskráin gæti best gætt hags beggja kynja og tryggt öryggi kvenna. Þrátt fyrir mikla kynningu á kvennaþinginu var þátttaka nokkru minni en búist hafði verið við. Þó er óhætt að segja að fundurinn hafi verið fámennur en góðmennur, t.a.m. leit frá Vigdís Finnbogadóttir við á fundinum og þingkonan Jónína Bjartmarz, sem á sæti í stjórnarskrárnefndinni, tók virkan þátt í umræðunum. Birna Þórarinsdóttir framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi sat fundinn fyrir hönd félagsins og lagði fram ýmsar mikilvægar upplýsingar um stuðning UNIFEM við stjórnarskrárumbætur víða um heim. Vísaði hún t.d. til framsækinnar skjala

frá Kólumbíu og Suður-Afríku.

Á fundinum voru áherslurnar skerptar talsvert og næstu daga var unnið að enn frekari endurbótum, m.a. með tilleggi frá fjölda lögfræðra kvenna í opnum og fjórlegum tölvupóstsendingum. UNIFEM leitaði sérstaklega ráða hjá Elsu Þorkelsdóttur, lögfræðingi og fyrrverandi framkvæmdastýra Skrifstofu jafnréttismála. Tímaritið VERA birti áhugaverða grein eftir Elsu snemma árs 2005 um konur, stjórnskipan og eftirfylgni alþjóðasáttmála og var hún m.a. kvekjand að því að konur á Íslandi ákváðu að ráðast í verkefnið. *Sjá viðtal við Elsu á bls. 17-19 í blaðinu.*

Ekki fékkst það í gegn að kvennahreyfingin fengi að ávarpa allar málstofur ráðstefnunnar eins og óskað var eftir heldur var erindi hennar skipað í málstofu um lýðræði á upplýsingaöld. Fyrir valinu varð framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi til að kynna tillögur kvennahreyfingarinnar, eða undirbúningshóps kvenna um stjórnarskrárbreytingar eins og hópurinn kallaðist formlegu nafni.

Áherslur

Í erindinu var lögð áhersla á eftirfarandi:

- Jafna þátttöku kynjanna í mótun og stjórnun samfélagsins, með tillögum að breytingum á 31. grein stjórnarskrárinnar um fjölda þingmanna og kosningu þeirra og 59. grein sem fjallar um skipan dómssvaldsins. Lagt var til að við þessar greinar yrði bætt við setningu um að í almennum lögum skyldi nánar kveðið á um hvernig ná mætti sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á þingi og við dómstóla.
- Að viðurkenna þurfi jákvæðar skyldur (*positive duties*) ríkisvaldsins til að tryggja jafnrétti í reynd. Lagt var til að við 2 mgr. 65. greinar stjórnarskrárinnar, þar sem kveðið er á um jafnan rétt karla og kvenna, verði bætt við setningu um athafnaskyldur stjórnvalda til að ábyrgjast jafnrétti í reynd.
- Að fjalla þurfi um öryggi borgaranna á víðari hátt en nú er, með sérstakri hliðsjón af kynbundnu ofbeldi. Lagt var til að bætt verði inn í mannréttindakaflann, t.d. við 71. grein sem fjallar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, setningu sem kveður á um að allir skuli njóta verndar og öryggis gegn ofbeldi á opinberum vettvangi sem og í einkalífi og að allir skuli njóta líkamlegs sjálfsforræðis.

Kvennasamstaða leiðir til breytinga

Um þessar mundir stendur yfir vinna við formlega greinargerð kvennahreyfingarinnar til stjórnarskrárnefndar og hefur UNIFEM á Íslandi forgöngu um þá vinnu ásamt Kvennaathvarfinu. Stefnt er að því að kynna greinargerðina fljótlega og freista þess að tillögur kvennahreyfingarinnar fái frekari umfjöllun í fjölmiðlum en verið hefur. Samstaðan sem náðst hefur meðal kvennasamtaka á Íslandi heyrir til tíðinda, opinber umræða vegna viðburða kvennaársins og þátttaka tugþúsunda á útifundinum hinn 24. október síðastliðinn sýnir að konur og jafnréttissinnar vilja sjá breytingar á íslensku samfélagi. Með endurbótum á grundvallarskjali stjórnskipunar í landinu yrðu svo sannarlega gerðar breytingar í jafnréttisátt, breytingar sem eiga sér stoð í alþjóðasáttmálum sem íslensk stjórnvöld hafa nú þegar skuldbundið sig til að framfylgja. ■

„Samstaðan sem náðst hefur meðal kvennasamtaka á Íslandi heyrir til tíðinda, opinber umræða vegna viðburða kvennaársins og þátttaka tugþúsunda á útifundinum hinn 24. október síðastliðinn sýnir að konur og jafnréttissinnar vilja sjá breytingar á íslensku samfélagi.“


Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu



Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036

ANNA
MARÍA
DESIGN

GULLSMÍÐUR



Dásemdir lífsins

Sælkeramatúr í rómantísku umhverfi

Argentína - alltaf það besta



Barónsstíg 11a • 101 Reykjavík • Sími 551 9555 • www.argentina.is

Með markmiðssetningu og eftirfylgni næst árangur í jafnréttisbaráttunni



Elsa S. Þorkelsdóttir

Elsa S. Þorkelsdóttir hefur starfað að jafnréttismálum á vettvangi Evrópuráðsins um árabíl. Edda Jónsdóttir hitti Elsu að máli og ræddu þær meðal annars rýra þátttöku kvenna í opinberri ákvarðanatöku og ýmsar sértækar aðgerðir sem nota má til að bæta stöðu kvenna.

Þú ert lögfræðingur og starfar sem ráðgjafi. Í hverju er starf þitt fólgið?

Ég hef tekið að mér verkefni fyrir Evrópuráðið um fimm ára skeið. Þessi verkefni felast fyrst og fremst í að yfirfara drög að jafnréttislögum fyrir hin ýmsu aðildarríki ráðsins. Ríki Mið- og Austur-Evrópu hafa á undanförmum árum verið að setja sér sín fyrstu jafnréttislög. Ég hef yfirfarið slík frumvörp fyrir um sex eða sjö lönd í Mið- og Austur-Evrópu, samið umsagnir og komið með breytingatillögum. Stundum heimsæki ég löndin og funda með þeim sem vinna að samningu frumvarpsins og aðstoða þannig. Svo hefur þetta þróast. Ég sat í sérfræðinganefnd á vegum Evrópuráðsins sem fjallaði um jafna þátttöku kvenna og karla í stjórnmálum og opinberri ákvarðanatöku. Nefndin samdi leiðbeinandi reglur sem aðildarríkin hafa samþykkt. Í framhaldi af því hef ég sótt ráðstefnur og haldið erindi um konur og stjórnmál og hvernig vinna megi að jöfnun kynjanna á því sviði. Ég var til að mynda nýverið í Aserbaidsjan í þeim erindagjörðum en þar verða þingkosningar nú í haust. Einnig hefur verið þörf fyrir fræðslu um hlutverk og starfsemi jafnréttisstofnana. Svo hef ég til að mynda unnið fyrir Úkraínu, verkefni sem fólst í því að kenna þeim hvernig maður vinnur að jafnrétti kynja, setur sér markmið og skipuleggur afmörkuð verkefni.

Nú var íslensku kvannahreyfingunni, ásamt öðrum frjálsu félagasamtökum, boðið að taka þátt í umræðum um breytingar á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins í vor sem leið. Konur hafa ekki haft bein áhrif við breytingar á stjórnarskránni fyrr en nú. Hvað veldur?

Það hafa allnokkrar stjórnarskrárnefndir starfað hér á landi í gegnum tíðina en ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem stjórnarskrárnefnd efnir til opinna umræðu. Það er frábært að íslenska kvannahreyfingin skuli nýta sér það tækifæri. Stjórnarskráin á að lifa með þjóðinni. Í því felst bæði að þjóðin verður að þekkja innihald hennar og finnast hún tilkomin sín vegna. Stjórnarskráin verður að mæta þörfum bæði kvenna og karla. Það minnir okkur á að „dansk-ir karlmenn“ gáfu okkur fyrstu stjórnarskrá Íslands, ef ég má orða það svo, fyrir um 130 árum síðan. Síðan þá hafa

íslenskir karlar gert á henni nokkrar breytingar. Ekki aðeins er það því í fyrsta sinn nú sem íslenska kvannahreyfingin getur komið að sínum sjónarmiðum heldur held ég að það sé í fyrsta sinn sem konur koma beint að vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Í nefndinni sem situr að störfum um þessar mundir eiga þó aðeins tvær konur sæti á móti sjö körlum. Það ættu að vera að minnsta kosti fjórar konur ef stjórnmálaflokkarnir hefðu tekið mið af þeim reglum Evrópuráðsins sem ég nefndi hér ádan. Við þurfum að taka þau tilmæli alvarlega og tryggja jafnt hlutfall kynja í nefndum sem taka ákvarðanir eða móta opinbera stefnu. Setja þarf ákvæði þar um í okkar jafnréttislög líkt og löndin í kringum okkur hafa gert. Ákvæði jafnréttislaga um skipan í Jafnréttisráð er eina ákvæðið þar sem kveðið er á um jafnt hlutfall kynja þegar skipað er í opinbera nefnd. Segir þar að þeir sem tilnefna í ráðið skuli tilnefna tvo, karl og konu. Við val skuli þess síðan gætt að hlutfallið sé sem jafnast. Þessi regla er oft kölluð tilnefningareglan og hún þarf að taka til allra opinberra nefnda og ráða sem tilnefnt er í. Ráðherra sjá um að skipa í nefndir og þeir segja gjarnan að þeir ráði engu um kynjahlutföllin þar sem stjórnmálaflokkar, hagsmunasamtök eða aðrir tilnefni aðila en ráðherra hafi einungis val um einn, oftast formanninn.

Þessi tilnefningaleið hefur verið farin á öllum Norðurlöndunum og fleiri löndum Evrópu í aldarfjórðung en í íslensku lögum er talað um að stefnt skuli að jafnri skipan kynja en reynslan hefur sýnt okkur að það er ekki nóg. Þetta gildir þó auðvitað bara um nefndirnar þar sem er tilnefnt. Ráðherra getur passað uppá kynjahlutföllin í sínum vinnuhópum. Hafa ber í huga að nefndir sem kosið er til eru undanskildar, eðli málsins samkvæmt.

Í tillögum kvannahreyfingarinnar til stjórnarskrárnefndar er kveðið á um jafna stjórnmálaþátttöku kynjanna. Telur þú að Íslendingar ættu að binda þess konar ákvæði í stjórnarskrá og framfylgja með lögum?

Mér finnst það meira en tímabært að ákvæði stjórnarskrárinnar sem fjalla um kosningar til þings taki á þessum þætti. Okkur hefur gengið mjög hægt að ná fram raunverulegum jöfnuði

„Frumkvæðisskyldur stjórnvalda eru óendanlegar þangað til raunverulegu jafnrétti hefur verið komið á.“

á þingi. Fjölgun kvenna á þingi kallar jafnframt á aukin áhrif þeirra á öðrum sviðum samfélagsins. Mælt er með þessari leið lagasetningar í tilmælum Evrópuráðsins og ýmsar þjóðir hafa valið þessa leið með góðum árangri.

Í þessu sambandi vil ég einnig benda á nágildandi ákvæði í stjórnarskránni um að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Þó svo ákvæðið segi ekki berum orðum að stjórnvöld hafi jákvæðar skyldur til lagasetningar á hinum ýmsu sviðum samfélagsins þá tel ég áhugavert fyrir kvenna-hreyfinguna að skoða hvað felst í ákvæðinu.

Öryggi kvenna jafnt í opinberu lífi sem í einkalífi er ein undirstaða jafnréttis. Nú hafa íslensk stjórnvöld verið gagnrýnd fyrir að vera ekki með sérstaka löggjöf varðandi heimilis- ofbeldi. Hvað segir Evrópuráðið um þetta?

Evrópuráðið er með leiðbeinandi reglur varðandi aðgerðir stjórnvalda til að koma í veg fyrir ofbeldi gagnvart konum. Þær voru samdar af sérfræðinganefnd á þess vegum. Þar áttum við Íslendingar fulltrúa sem var Guðrún Agnarsdóttir lækni og var hún valin formaður nefndarinnar. Í reglunum er lagasetningaleiðin m.a. lögð til. Reglurnar voru samþykktar af íslenskum stjórnvöldum og kynntar hér á landi. Það væri auðvitað eðlilegast að sjá slíka löggjöf hér á landi enda er heimilisofbeldi þess eðlis að það krefst sérstakrar löggjafar eða lagaákvæða.

Í tillögnum er talað um að skipun dómsvalds verði lögbundin og taki tillit til jafns hlutfalls kynjanna meðal dómenda. Telur þú þetta skipta sköpum fyrir íslenskar konur?

Já ég tel það tvímælalaust. Ég þekki reyndar ekki til að svona sé í stjórnarskrám annarra landa en finnst hugmyndin góð. Kvendómurum hefur fjölgað töluvert á héraðsdómsstiginu en þetta hefur gengið mjög hægt með Hæstarétt. Ég teldi mjög áhugavert að slíkt ákvæði yrði lögfest. Það er ekki nóg að fjölga konum á þingi. Þær þurfa líka að vera innan framkvæmdavaldsins og dómsvaldsins til jafns við karla.

Einnig er fjallað um frumkvæðisskyldur stjórnvalda. Hverjar eru þær?

Þær eru óendanlegar þangað til raunverulegu jafnrétti hefur verið komið á. Stjórnvöld hafa staðfest ýmsa alþjóðasamninga á þessu sviði og samþykkt framkvæmdaáætlanir í kjölfar kvennaráðstefna Sameinuðu þjóðanna sem haldnar hafa verið frá kvennaári SP árið 1975. Í nágildandi áætlun eru átta málaflokkar tilgreindir svo sem konur og ákvarðanatáka, mannréttindi kvenna og fleira. Þar eru lagðar til leiðir til

úrboða sem eru mjög áhugaverðar. Þá þarf að setja sér markmið í upphafi og meta svo árangurinn af aðgerðum. Ég held að mati á árangri hafi verið nokkuð ábótavant á Íslandi en þar getum við lært af öðrum þjóðum.

Hvað er samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða?

Einfalt dæmi til að útskýra samþættingu (e. mainstreaming) er að þá er jafnréttið tekið úr einu herbergi, Jafnréttisstofu, og fært yfir á allt húsið, stjórnkerfið. Samþætting felur í sér að við allar opinberar ákvarðanir og stefnumótun, skýrslugerð, frumvörp og annað slíkt, er skoðað og tiltekið hvernig viðkomandi ákvörðun, frumvarp eða stefnumótun muni koma við konur og karla.

Tökum dæmi um lækun greiðslna til fatlaðra eða ellilífeyrisþega. Áður en slík ákvörðun er tekin þarf að liggja fyrir hverjir njóta bótanna? Það má ekki horfa kynhlutlausum augum á slíkar ákvarðanir heldur skoða hvort ákvörðunin kemur verr við konur en karla. Annað dæmi er aukinn hlutur sjúklings í lyfjakostnaði vegna tiltekins sjúkdóms. Liggja þarf fyrir hvort konur frekar en karlar séu með umræddan sjúkdóm og hvort vilji sé til að auka byrði þess hóps umfram annarra. Samþætting krefst þess að þeir sem að ákvörðun eða stefnumótun koma, hafi aðgang að greinagóðri tölfraði og skilji útá hvað jafnrétti gengur. Þess vegna hefur það farið vaxandi að ríkisstjórnir sendi fólk á námskeið. Þessi námskeið þurfa að vera sniðin að þörfum hvers og eins útrá hverjum málaflokki fyrir sig.

Til þess að samþætting sé möguleg, þurfa að liggja fyrir ákveðnar upplýsingar, fólk þarf að vera meðvitað um kynja-sjónarmið og það þurfa að vera einstaklingar af báðum kynjum bæði við skýrslugerð og einnig í nefndum þeim sem taka ákvarðanir. Nú er ég ekki að halda því fram að þetta sé einfalt og hægt að gera á einni nóttu. Í sumum málaflokkum liggja upplýsingarnar alls ekki fyrir og það getur reynst mjög erfitt en þá er eina ráðið að þróa sig frá því vandamáli.

Tilmæli um samþættingu eru frá árinu 1995 eða eftir Pekingráðstefnuna. Í jafnréttislögum frá 2000 segir að stjórnvöld eigi að vinna að samþættingu jafnframt því að vera með hefðbundna aðgerðaskyldu. Hefðbundin aðgerðarskylda er til að mynda fræðsla og ýmis verkefni eins og *Konur og stjórn-mál, jafnlaunaverkefnið* og önnur verkefni. Svo eru einnig sérstakar tímabundnar aðgerðir til að rétta hlut kvenna eða verkefni sem flokkast undir jákvæða mismunun.

Hvað finnst þér um að setja ákvæði í stjórnarskrána sem leyfir tímabundnar aðgerðir og setja svo tímabundin lög um mál til að ná þeim fram?

Það er heimild í jafnréttislögnum til að grípa til sérstakra tímabundinna aðgerða til að flýta raunverulegu jafnrétti. Það segir jafnframt í stjórnarskránni að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Þar sem svo er ekki í reynd er í mínum huga auðvelt að færa fyrir því rök að það beri að setja lög um tiltekna málaflokka til að flýta því að raunverulegt jafnrétti komist á eða skoða alla íslenska löggjöf á grundvelli þessa og setja slík ákvæði í þau lög þar sem þörf er á. Sú leið hefur verið farin að setja tímabundin lög eða svokallað sólarlagsákvæði í lög sem þá kveður á um að þau skuli falla niður á ákveðnum tíma. Þá leið mætti nota. Í þessu

sambandi langar mig að nefna nýskipaða nefnd forsætisráðherra sem skoða á starfshætti stjórnvaldaflokka. Þegar ég heyrði af þessu kom strax upp í huga minn að þarna væri kjörið tækifæri til að setja inn ákvæði um skyldur stjórnvaldaflokka til að tryggja jafnrétti kynja á framboðslistum og í trúnaðarstörfum innan flokkanna.

Opin prófkjör hafa ekki talist vænleg til að rétta hlut kynjanna í stjórnárum. Kanntu einhver ráð?

Já prófkjör eru konum oft erfið. En vissulega má bregðast við því sem öðru. Setja má ákvæði í stjórnarskrá þess efnis að í lögum skuli kveðið nánar á um hvernig tryggja beri jafnan hlut kynjanna í stjórnárum eins og kvenna-hreyfingin hefur lagt til. Þingið myndi þá setja lög. Í því sambandi mætti fara belgísku leiðina sem segir að fyrstu tvö sætin skuli skipuð konu og karli eða fyrstu fjögur eða jafnvel sex. Á Íslandi væri eðlilegast að hafa þetta fyrstu sex sætin miðað við kjördæmaskipan hér á landi. Flokkar fá oft allt að sex þingmenn í tilteknum kjördæmum. Niðurstöður úr prófkjöri myndu þá gilda að því marki að það yrði að færa upp og niður einstaklinga eftir því sem kynin raðast á listann.

Slík ákvæði geta reynst erfið í framkvæmd til að byrja með þar sem þau geta vegið að starfi tiltekinna þingmanna og þingkvenna. En það má setja inn aðlögunartíma þannig að markmiðið skuli til dæmis nást í næstu tveimur þingkosningum. Mestu skiptir að setja sér markmið og fylgja þeim svo eftir. Einungis þannig náum við árangri í jafnréttisbaráttunni. ■



Mynd: Þjóðskjalasafn Íslands. Frá fyrstu tíð hefur stjórnarskrá Íslands verið unnin af körlum. Nú hefur orðið smávægileg breyting á því 2 konur eiga sæti í 9 manna nefnd sem vinnur að endurskoðun stjórnarskrárinnar um þessar mundir.



Fallegustu konur í heimi?

Þjóðminjasafnið býður allar konur og karla velkomin í glæsilegt safnhús til að upplifa spennandi sýningar.

Gakktu í gegnum menningarsögu Íslendinga í grunn-sýningunni *Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár*. Sjáðu síbreytilegar sérsýningar í Bogasal og Myndasal eða tylltu þér með góðan kaffibolla í veitingastofunni.



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland



UNIFEM Á ÍSLANDI ÁTTI SÆTI Í FRAMKVÆMDANEFND UM KVENNAFRÍ 2005
UM 50.000 KONUR GREIDDU JAFNRÉTTINU ATKVÆÐI
HINN 24. OKTÓBER OG MÓTMÆLTU KYNBUNÐNUM LAUNAMUN



Kvennaáratugur Sameinuðu þjóðanna

Áhrif kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna á íslenskt samfélag

Brynhildur Einarsdóttir sagnfræðingur hitti nokkrar skeleggar konur að máli og spurði þær um upplifun þeirra af kvennafrídeginum árið 1975 og áhrif kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna á íslenskt samfélag.

Ragnhildur Helgadóttir
fyrrum ráðherra og alþingiskona

Hver er þín upplifun af áhrifum kvenréttindabaráttunnar á íslenskt þjóðfélag frá því að Sameinuðu þjóðirnar ákváðu að árið 1975 skyldi vera alþjóðlegt kvennaár?



Alþjóðlega kvennaárið var hugsað fyrst og fremst til að styrkja stöðu kvenna í þróunar- ríkjunum, auka réttindi þeirra og menntun og efla þar með menningu og efnahag ríkjanna. Um leið var kvennaárið hvatning fyrir konur víðs vegar um heim til að styrkja stöðu sína og réttindi með aðgerðum sem síðan yrði fylgt eftir. Áhrif kvennaársins eru að mínum dómi enn að skila sér inn í íslenskt þjóðlíf með bættri menntun og auknum áhrifum kvenna á fjölmörgum sviðum. Þetta held ég að byggist á því að jafnréttisviðhorfin hafa verið og eru enn að aukast að vægi bæði meðal kvenna og karla. Ég minnst réttarbóta sem Alþingi samþykkti konum til handa á árinu 1975 og þess að oft var minnt á kvennaárið til að koma málum fram. Fæðingarlofið er dæmi um að mál hafa þróast þannig að það, sem áður var talið hagsmunamál kvenna fyrst og fremst, er nú réttilega talið hagr beggja kynja. Krafturinn á kvennafrídeginum 24. október 1975 byggðist fyrst og fremst á því hversu víða um þjóðfélagið hugmyndin hafði náð að skjóta rótum. Kvennaársnefndin undir forustu Guðrúnar Erlends-

dóttur hæstaréttardómara vann vandað verk og tókst að gera verkefnið þverpólítt. Einmitt í því var lykillinn fólgin. Hygg ég að á enga sé hallað, þótt nefit sé nafn Bjargar Einarsdóttur rithöfundar í þeirri velheppnuðu viðleitni að ná pólitískri samstöðu, svo og hinu að vekja konur til vitundar um mikilvægi vinnuframlags síns á hvaða vettvangi sem var – utan og innan heimila frá innstu dölum til ystu nesja. Þessi undiralda ýtti einnig af stað stuðningi á mörgum vinnustöðum. Skilningurinn jókst. Konur gerðu lýðum ljóst að hjól samfélagsins snúast ekki án vinnuframlags þeirra, ekki heldur í okkar þróaða ríki. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Þjóðfélagið í dag er annað en það var fyrir þrjátíu árum. Hin almennu viðhorf hafa breyst jafnréttinu í hag. En halda þarf vöku sinni og enn liggja eftir afgerandi skref í launamálum stétta sem þjóðfélagsþróunin hefur jafnvel gert enn mikilvægari en áður. Þar á ég fyrst og fremst við umönnunar-, uppeldis- og þjónustustéttir sem að mestu eru ennþá skipaðar konum. Um leið og auknið frelsi í þjóðfélaginu hefur fært konum aukna möguleika eru viss hættumerki á lofti. Alltof víða á sér stað tilhneiging til að lítilsvirða kvenþjóðina með misnotkun líkama eða útlits. Klámvæðing og ofbeldi skýtur skuggalega oft upp kolli til dæmis í sjónvarpsefni, þegar fólk – börn eða fullorðnir eiga sér einskis ills von. Það er mikilvægt verkefni, meðal annars kvennasamtaka, að vinna gegn þessari mengun og efla sjálfsvirðingu kvenna. Þýðingarmikið er að konur ræði jafnréttismálin ekki aðeins í sínum hópi, heldur sé rökum ekki síður beint að körlum. Slík hvatning er að mínu mati árangursríkari en svonefndur kynjakvóti, sem stundum er haldið fram, því að vitanlega er jafnrétti kynja á öllum sviðum sameiginlegt hagsmunamál þjóðarinnar allrar. Ljóst er samt að jafnréttið er ekki sjálfgefið og ekki má slaka á klónni. Í því efni þurfa konur og karlar að vinna saman, hlið við hlið, þannig að afl og vit einstaklinga nýtist þjóðinni til heilla.

Guðrún Ásmundsdóttir leikkona og leikstjóri

Hvar varst þú á kvennafrídaginn fyrir 30 árum síðan?

Ég fékk að vera viðstödd sem skipulagsstjóri í umferð ræðumanna og listamanna inn og út af leiksviðinu á Lækjartorgi fyrir 30 árum. Það kom ekki til greina að ég fengi að troða upp sem leikkona því ég var kasólett. Það hefur þó breyst á þrjátíu árum, í þá daga var það feimnismál að eiga von á barni, engin kona í því ástandi hefði vogað sér upp á svið, HUGARFARSBREYTING! Ég varð fyrir sömu áhrifum á kvennafrídaginn á Ingólfstorgi. Horfa yfir mannföldann. Konur! Reiðubúnaður í baráttu fyrir réttlætun. Undanfarið 10 ár hef ég verið í heimildasöfnun fyrir leikritið mitt um Ólafu Jóhannsdóttur, fyrstu konuna sem flutti ræðu á Þingvallafundi. Nú eru hundrað ár síðan hún hvatti ráðamenn til að sýna konum og getu þeirra meiri virðingu. Í dagblöðum þeirra tíma stóð að ræða konunnar hefði verið svo áhrifarík að hörðustu grjótpálar hefðu vatnað músum. Ég las um samtakamátt kvenna gegnum síðustu öld. Einhverjum ráðamönnum datt í hug sú snjalla hugmynd að hækka verð á mjólk sem hefði þýtt að fátæk börn þessa bæjar hefðu orðið af þeim munaði að drekka mjólk. Konur brugðust við og stofnuðu Mjólkurfélagið. Þær voru sí og æ að vernda heimilin. Stóðu fyrir



Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Hver er þín upplifun af áhrifum kvenréttindabaráttunnar á íslenskt þjóðfélag frá því að Sameinuðu þjóðirnar ákváðu að árið 1975 skyldi vera alþjóðlegt kvennaár?

Áhrifin eru mjög mikil. Það sér maður nánast hvert sem lítið er. Það er hins vegar alls ekki svo að baráttunni sé lokið. Það sem er mér efst í huga þegar ég horfi til þróunarinnar á síðustu 30 árum á sviði jafnréttismála þá stendur eitt upp úr. Það eru lögin sem sett voru um fæðingarorlof og gefa feðrum rétt til orlofs vegna barneigna sem ekki er yfirfærlegt til móður. Með þessu ákvæði styrktist staða kvenna á mörgum vígstöðvum. Hún styrktist gagnvart börnunum þar sem fadírinn tekur á sig meiri ábyrgð á uppeldinu. Hún styrktist gagnvart heimilisábyrgð þar sem feður verða að taka að sér meiri ábyrgð á heimilishaldi, a.m.k. tímabundið. Og hún styrktist verulega á vinnumarkaði þar sem nú eru það ekki bara konur sem hverfa af vettvangi vegna barneigna. Á þessu sviði urðu Íslendingar í fararbroddi og hefur íslenska löggjöfin verið kynnt víða erlendis og þótt til fyrirmyndar. Kvennafrídagurinn fyrir 30 árum hafði mikil áhrif á mig. Ég var



utan illræmdustu krámar til að tala um fyrir sjómönnum, að þeir eyddu ekki hýrunni sinni í brennivín. Svo vel gekk þeim þetta umsátur að kráareigandinn fór í mál við þær vegna taps á viðskiptavinum. Ég horfði yfir mannföldann og enn stendur hann okkur til boða, þessi óhemju kraftur sem býr í konum þessa lands. Aðalatriðið er hvernig virkjum við þennan kraft? Verkefnið er stórt: HUGARFARSBREYTING. Erum við á réttari leið? Vonandi. Er nokkuð orðið úrelt að standa vörð um réttindi þeirra sem minna mega sín? Er heimilið og fjölskyldan ekki ennþá okkar stóra hjartans mál?

Þar sem ég verð orðin 100 ára þegar 60 ára afmælis kvennafrídagurinn verður minnst, geri ég mér kannski ekki vonir um að vera viðstödd til að horfa yfir þann fallega mannfjölda sem þá verður saman kominn einhvers staðar nálægt fallega tónlistarhúsinu sem stendur til að byggja. Hann verður tvisvar sinnum meiri og kröftugri. Við munum ekki vera búnaður að ná öllum réttlætismálunum okkar í höfn. Það er einhvern veginn þannig, við virðumst taka þátt í einhverjum dansi sem er eins og gamli vikivakinn, tvö skref fram og síðan eitt afturábak. En sofnunum ekki á verðinum, allavega eitt skref ferumst við alltaf fram. Kvennafrídagurinn er nokkurs konar liðskönnun hjá baráttukonum hvers tíma. Og hvílíkur her! Til sigurs stefnir hann sé hann virkjaður með hugsjónum. En í guðs bænum, þið sem nú takið upp fánann, ekki þurrka rykið af gömlu baráttusöngvunum, komið með nýja enn kröftugri og hugmyndaríkari. Ef þið gerið það ekki, þá ætla ég að snúa mér við í grófinni og það verður sko skellur!

stödd á Akureyri á miklum baráttufundi og drakk í mig hvatningarorð og baráttuandann sem þar ríkti. Það líðu enda bara nokkrir mánuðir þar til ég hafði hella mikið út í stjórnmálin á fullu en árið 1974 var ég í fyrsta sinn á lista fyrir Framsóknarflokkinn í Norðurlandskjördæmi eystra.

Í framhaldi af ári kvenna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna skapaðist sterk stemmning á meðal kvenna í Framsóknarflokki sem m.a. stóðu fyrir námskeiðum út um allt land fyrir konur. Lögð var áhersla á framkomu í ræðustól, fundarskóp og fleira. Á þessum tíma hafði Framsóknarflokkurinn ekki átt konu á Alþingi í nærri 30 ár og við konurnar bundumst samtökum um að gera eitthvað í málinu. Það fyrsta áþreifanlega sem gerðist var það að ég barðist fyrir öðru sæti í mínu kjördæmi fyrir kosningarnar 1987 og náði því. Var síðan kosin á þing og hef átt sæti þar síðan. Síðan þá hefur staða kvenna í Framsóknarflokki vaxandi með hverjum kosningum og eru konur nú 4 af 12 þingmönnum flokksins. Framsóknarflokkurinn hefur einn flokka á Íslandi átt jafn margar konur í ríkisstjórn og karla. Það gerðist 31. desember 1999 en sú staða breyttist því miður fljótt. En það sem hefur gerst einu sinni getur gerst aftur og ég er bjartsýn á að svo verði.

Við erum svo sannarlega á réttari leið, þökk sé þeim sem barist hafa fyrir bættari stöðu kvenna. Þetta hefur ekki gerst af sjálfu sér.



Sagnakonur að spjalli...

Auður Jónsdóttir rithöfundur (fædd 1973) tók tengdamóður sína, Ingu Huld Hákonardóttur, sagnfræðing og rithöfund (fædd 1936) tali og ræddu þær um áhrif kvennaárs og kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna á íslenskt samfélag.

Yfir kaffi, hnetum og smákökum spyr ég tengdamóður mína hvað henni detti í hug þegar hún líti yfir farinn veg: þrjátíu ár sem liðin eru frá alþjóðlega kvennaárinu. Hún hellir kaffi í bolla, horfir íhugul á mig og segist ekki hafa mátt vera að því að hugsa um það undanfarið. Óþolinmóð kjamsa ég á kexi (enda sjálf í margþveginni taubleiu það árið) meðan tengdamóðir mín bætir við að hún hafi verið upptekin við skriftir, um viðhorf til ásta milli kvenna og karla í Frakklandi á átjándu öld – en nú um leið og hún setjast niður flögri minningarnar að. „Hagur margra kvenna hefur vænkast mikið á þessum árum og valkostir eru miklu fleiri. Mun fleiri konur fá menntun – en fáar þeirra eru valdamiklar,“ segir hún eftir dálitla umhugsun. „En auðvitað er sumt tæknilegum framförum og vaxandi ríkidæmi þjóðarinnar að þakka. Á móti kemur að til að fá réttindi á ýmsum stöðum hafa konur þurft að berjast og ennþá eigum við talsvert langt í land á sumum sviðum, eins og hvað varðar launamisréttið og réttlátari skiptingu stjórnunarstarfa, svo fátt eitt sé nefnt.“

„Jamm,“ tauta ég og flýti mér að pikka orðin inn í tölvuna. Veit að hún man tímana tvenna, það er margt sem ég mun aldrei geta gert mér í hugarlund en hún þekkir af eigin raun. Hún man að árið sem hún varð stúdent, um miðjan sjötta áratuginn, þá voru tvö boðorð í gildi:

1. Eftir stúdentspróf þótti sjálfsgagt að piltar færu beint í nám og eiginkonur þeirra myndu vinna fyrir þeim þangað til að þeir væru komnir í nógu góðar stöður til að „sjá fyrir“ fjölskyldunni.
2. Ekki var ætlast til að aðrar konur færu í háskólanám en þær sem voru svo „ófríðar“ að líkur á eiginmanni voru

hverfandi (útlitið var ekki bjart hjá konum sem voru einhleypar um tvítugt).

„Það ríkti til dæmis mikil fyrirleitning á konum sem skrifuðu,“ segir hún spök og bitur í smáköku meðan ég skrifa það niður og velti vöngum. Rúmlega þrítug ræsi ég tölvuna mína á morgnana, geri það sem ég vil, líkt og ég hef gert frá því að ég var rúmlega tvítug. Tengdamóðir mín sendi fyrstu bókina frá sér á fimmtugsaldri og segir mér nú að það hafi tíðkast að reyna að gera skrifandi konur hallærislegar; sú hugmynd hafi lengi verið lífseig að þetta væru skrýtnar konur; hæfileikalitlar og jafnvel ekki með öllum mjalla.

„Það ríkti til dæmis mikil fyrirleitning á konum sem skrifuðu“

Þegar ég valsaði um á taubleiunni á kvennaárinu, þá átti hún þrjú börn og eiginmann og hafði starfað sem blaðakona um langa hríð, en var komin í sagnfræðinám við Kaupmannahafnarháskóla í hræringum sem kenndar er við 68 og höfðu mikil áhrif á hana. „Árið 1975 voru áhrif 68-kynslóðarinnar farin að skila sér, raudsokkurnar voru óragar við að láta í sér heyra og það þóttu mikil tíðindi þegar Svava Jakobsdóttir steig fram á ritvöllinn, en hún var fædd um 1930 og ólst upp í Kanada. Held það hafi verið um þetta leyti sem að verk hennar voru kynnt og það voru Menningar og fríðarsamtök íslenskra kvenna sem stóðu fyrir því.“ Hún réttir úr sér. „Auðvitað höfðu verið merkar skáldkonur fyrir daga Svövu, en margt breyttist vissulega þegar konur tóku að starfa sem bókmenntafræðingar og lögðu sig eftir því að rétta hlut kvenna. Fyrir tíu árum kom til dæmis út mikil bók eftir Dagnýju Kristjánsdóttur bókmenntafræðing sem heitir Kona verður til – bók um Ragnheiði Jónsdóttur skáldkonu (1895–1967).“ Nú kinka ég kalli, man eftir því að hafa hlustað á Dagnýju verja doktorsritgerðina um bækur Ragnheiðar; þá hló ég þegar hún minntist kankvís á Pamelu Anderson; uppgötvaði eitthvað sem ég man ekki lengur hvað

Vitaskuld má ýmislegt betur fara – en margt hefur þó breyst síðan 1975, rétt eins og margt breyttist frá miðjum sjötta áratugnum og fram til 1975 o.s.frv. Þær breytingar ættu að vera okkur konum heljarinnar mikil hvatning til að halda áfram að berjast fyrir sjálfsögðum réttindum – og verða ekki samdauna tíðaranda sem krefst einhvers annars. „Því það koma gróskutímabil í kvennasögu...“ segir tengdamóðir mín, „...og svo önnur þar sem allt er drepið í dróma.“

var; kannski býr það innra með mér. Ranka við mér þegar tengdamóðir mín hækkar róminn. „Og ekki má gleyma að það var mikil lyftistöng þegar Vigdís Finnbogadóttir var kosin forseti og Kvinnalístinn kom fram, þá opnuðust leiðir inn í stjórnmál fyrir konur, en talsvert fram yfir miðja öldina voru aðeins örfáar konur á þingi, sjaldan fleiri en ein í einu.“

Skrýtið að heyra hana fiska þetta upp úr minninu, það er af svo óskaplega mörgu að taka að hún ténir orðin varfærnislega fram. Sagnfræðingurinn í henni iðar af löngun til að kafa dýpra; hún stingur tánum ofan í hylinn, nú þegar hún minnst kvenna milli- og eftirstríðsáranna, sem áttu að vera eins og dúkkur, og laumast því næst til að beina talinu að kvenréttindabylgju sem hófst víða um heiminn upp úr 1870, þegar konur börðust fyrir kosningarétti og öðrum borgaralegum réttindum. „Já, íslenskar konur lönduðu kosningaréttinum inn í nokkrum áföngum á árunum 1915 til 1920...“ Hún er rétt svo komin á skrið þegar ég baða höndum. Síðuplássíð er takmarkað og við erum komnar langt út fyrir efnið.

Við höldum áfram að rabba og maula kökur og erum sammála um að margt hafi breyst til hins betra í gegnum tíðina. Segi henni að ég hafi á tilfinningunni að margar ungar stelpur í dag séu bæði öruggari og sjálfstæðari en ég og vinkonurnar vorum á unglingsárunum upp úr 1985 þegar kynþokkadryjúpanði Madonna var hápunkturinn á róttækninni. Við sem áttum margar hverjar kasjúal hippadiskó-uppa-mæður, sem áttu aftur á móti mæður sem voru uppstrílaðar í eldhúsinu; við sem heyrdum ömmur okkar segja: „Þegar þú eignast eiginmann...“ – þær sem pældu lítið í því hvort maður vildi yfir höfuð einn slíkan eða jafnvel bara eiginkonu.

Já, umhverfið tekur stöðugum breytingum en það getur verið átak að halda meðvitundinni í nægilega góðu formi til að spyrja aftur og aftur: Hvers vegna er framakona í blaðaviðtali á nærklæðunum einum fata; hvers vegna eru aldrei fleiri konur en karlar ráðherrar; hvers vegna hef ég lægri laun en náunginn á næsta bordi; hvers vegna er Andrésína Önd svo tækifærissinnuð að hún fer út með þeim sem á stærsta bátinn; hvers vegna leyfir konan manningnum að tala við sig eins og hún sé barn? Við tengdamamma erum sammála um að kvennaár og kvennadagar blási byr í þessa meðvitund, hvort sem um er að ræða 1975 eða 2005, kröftugum byr sem blæs lengi.

Í dag störfum við báðar við skrifir og á góðum dögum spyrjum við jafnvel spurninga. Stundum þykist ég verða vör við óáþreifanleg leiðindafyrirbæri á bord við „menningar-samkynhneigð“ meðal karla en samt leikur enginn vafi á því að það er þægilegra fyrir mig að vera „kona sem skrifar“ en til dæmis Svövu á sínum tíma eða tengdamömmu þegar hún hóf sín fræðistörf. Vitaskuld má ýmislegt betur fara – en margt hefur þó breyst síðan 1975, rétt eins og margt breyttist frá miðjum sjötta áratugnum og fram til 1975 o.s.frv. Þær breytingar ættu að vera okkur konum heljarinnar mikil hvatning til að halda áfram að berjast fyrir sjálfsögðum réttindum – og verða ekki samdauna tíðaranda sem krefst einhvers annars. „Því það koma gróskutímabil í kvennasögu...“ segir tengdamóðir mín, „...og svo önnur þar sem allt er drepið í dróma.“ ■



UNICEF/HO01-0021/Graeme Frezzi

Kvinnaráðstefnur Sameinuðu þjóðanna

Á þessu ári hefur þess verið minnst að 10 ár eru liðin frá fjórðu kvinnaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking í Kína og þrjátíu ár frá fyrstu kvinnaráðstefnunni sem haldin var í Mexíkó árið 1975. Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur fjallar um kvinnaráðstefnur Sameinuðu þjóðanna og gerir grein fyrir því hvað einkenni hverja þeirra.

Kvinnanefnd SD boðaði til stórfundar fyrr á árinu til að vega og meta hvað áunnist hefur og hvar orðið hefur bakslag. Samkvæmt þeim skýrslum sem lagðar voru fram hefur staða kvenna batnað á ýmsum sviðum, til dæmis hefur menntun aukist og lagaleg réttindi verið tryggð í mörgum löndum. Það segir hins vegar lítið um framkvæmdir og eftirfylgni. Frjáls félagsamtök lögðu fram ítarlega skýrslu í New York um stöðu kvenna í 150 löndum. Niðurstaða hennar er sú að fjölmörg ríki heims standi ekki við Pekingáætlunina og að vaxandi hervæðing, nýfjálsþyggja, alþjóðavæðing og bókstarfstrú vinni gegn bættri stöðu kvenna. En hvar og hvernig hófst þessi saga?

Kvenskörungar í Mexíkó

Upp úr 1970 gengu kvinnahreyfingar heimsins í endurnýjun lífdaga. Þær kröfðust jafnréttis kynjanna á öllum sviðum þjóðlífsins. Þær vildu gera konur sýnilegar, auka völd þeirra og áhrif og útrýma kvenfyrirlitningu sem gegnsýrði meðal annars tungumálið, auglýsingar, kvikmyndir og vinnurmarkaðinn. Raddir kvinnahreyfinga bárust smám saman inn fyrir dyr Sameinuðu þjóðanna og upp til framkvæmdastjórans sem þá

var Kurt Waldheim. Hann réði **Helvi Sipilä** frá Finnlandi til starfa sem aðstoðarframkvæmdastjóra og hún talaði svo sannarlega máli kvenna. Að hennar tillögu var samþykkt að boða til sérstakrar kvinnaráðstefnu árið 1975 og jafnframt að gera það ár að sérstöku kvennaári.

Fyrsta kvinnaráðstefna SD hófst þann 19. júní 1975 í Mexíkóborg. Þangað streymdu fulltrúar ríkisstjórna og fjálsra félagsamtaka þúsundum saman, þar á meðal þrír fulltrúar íslenskra stjórnvalda, þær Auður Auðuns, Sigríður Thorlacius og Vilborg Harðardóttir. Þarna voru þær mættar bandarísku kvenskörungarnir Betty Friedan og Bella Abzug ásamt fjölda annarra kvenna sem sett hafu mark sitt á kvinnabaráttuna undanfarna áratugi. Í Mexíkó varð til heimsnet kvenna sem hefur verið virkt síðan. Því miður sótti engin íslensk kona *Forum*, hina óopinberu ráðstefnu fjálsra félagsamtaka sem hefur verið haldin til hliðar við allar kvinnaráðstefnur SD.

Fyrir ráðstefnuna var kallað eftir upplýsingum um stöðu kvenna í heiminum. Í fyrsta sinn lágu fyrir tölulegar upplýsingar á heimsvísu um fátækt kvenna, valdaleyfi þeirra, menntunarskort og hrikalegan barna- og mæðradauda. Myndin var ófögur en þó var mikill munur á stöðu kvenna eftir því hvort horft var á iðnríkin á norðurhveli jarðar eða þróunaríkin á suðurhveli. Því miður lögðu íslensk stjórnvöld ekki fram neina skýrslu og stóðu vægast sagt illa að öllum undirbúningi.

Ráðstefnan í Mexíkó var stormasöm og þar réði kalda stríðið milli stórveldanna ríkjum. Til hliðar var þó unnið að merku skjali sem átti eftir að verða undirstaða þeirrar vinnu og stefnumótunar sem farið hefur fram innan stofnana SD. Í yfirlýsingunni sem samþykkt var í lokin voru skilgreind



**PÓSTURINN**
allur pakkinn

Við erum þar sem þú ert

www.postur.is

„Frjáls félagasamtök lögðu fram ítarlega skýrslu í New York [2005] um stöðu kvenna í 150 löndum. Niðurstaða hennar er sú að fjölmörg ríki heims standi ekki við Peking-áætlunina og að vaxandi hervæðing, nýfrjálshyggja, alþjóðavæðing og bókstafs-trú vinni gegn bættri stöðu kvenna.“

tíu málefna við sem ríki heims áttu að einbeita sér að til að bæta stöðu kvenna. Þar má nefna alþjóðlega samvinnu og frið, stjórnmálaþátttöku, menntun og starfsþjálfun, atvinnu og efnahagslegt hlutverk, heilsu og næringu, mannfjölgun og félagsleg málefni. Segja má að þessi málavæðing hafi verið til umræðu æ síðan en mörg ný verkefni hafa bæst við eins og síðar verður greint frá. Í kjölfar ráðstefnunnar var ákveðið á vettvangi SP að helga áratuginn 1976-1985 málefnum kvenna og boða til tveggja kvennaráðstefna til viðbótar.

Margbreytileiki og heimsmál

Næsta kvennaráðstefna var haldin í Kaupmannahöfn árið 1980. Enn var rifist um heimsmálin. Ástandið í Palestínu bar hátt og sjónir heimsins beindust að Íran þar sem klerkar höfðu tekið öll völd og skipað konum að sveipa sig svörtum kúflum. Þær skýrslur sem lagðar voru fram sýndu að afar

hægt þokaðist í málefnum kvenna, jafnvel aftur á bak. Í viðtali sem tekið var við Vilborgu Harðardóttur áður en hún hélt á ráðstefnuna kom fram að staða kvenna á heimsvísu hefði versnað.

Í Kaupmannahöfn var heitt í kolunum á *Forum* ráðstefnunni. Þegar hér var komið sögu höfðu svartar konur, lesbíur og konur af ýmsum þjóðernum bent á hve öll feminísk umræða væri einokkuð af sjónarhorni hvíttra, útivinnandi, giftra millistéttarkvenna í iðnríkjunum. Því yrði að breyta og taka margbreytileika kvenna inn í myndina. Þarna var fyrst farið að ræða alvarlega um ofbeldi gegn konum og femínistum var að verða ljóst að það var miklu stærra mál en áður var talið. Í fyrsta sinn heyrðu (flestar) konur á Vesturlöndum um limlestingar á kynfærum kvenna en það mál vakti mikla athygli á ráðstefnunni í Kaupmannahöfn. Íslenskar konur við nám fylgdust vel með kvennaráðstefnunni og sendu pistla heim. Það er gaman að geta þess að íslenska sendinefndin skrifaði mjög róttæka ræðu sem vakti mikla athygli enda beindust kastljósín að Íslandi þar sem Vigdís Finnbogadóttir hafði verið kjörin forseti, fyrst kvenna í heiminum, aðeins tveimur vikum áður og sendi hún ráðstefnunni kveðju sína. Ný samþykkt var gerð í Kaupmannahöfn og ákveðið að halda starfinu áfram.

Næsta ráðstefna var haldin í Nairobi í Kenýa. Vígbúnaðarkapphlaup stórveldanna stóð sem hæst og reyndu konur að beita sér í því máli. Gerður Steinþórsdóttir, einn íslensku fulltrúanna, burðaðist með 19 kíló af undirskriftalistum þar sem tæplega 40 þús. íslenskar konur skrifuðu undir friðar-ávarp til leiðtoga heimsins. Nú gerðist það í fyrsta sinn að samhljóða samkomulag náðist um yfirlýsingu ráðstefnunnar þar sem horft var fram til ársins 2000, markmið sett og kveðið á um framkvæmdir. Að þessu sinni var ofbeldi gegn konum aðalmálið og má segja að það hafi verið efst á blaði síðan þá. Bella Abzug sagði í ræðu í Peking 10 árum síðar að í Nairobi hefði kvennahreyfingunni orðið ljóst að ofbeldi gegn konum var heimsvandi sem varð að bregðast við með öflugum hætti.

Á kvennaráðstefnu í Kína

Nú liðu 10 ár þar til kallað var til næstu kvennaráðstefnu, að þessu sinni í Peking í Kína. Mikið vatn var runnið til sjávar og heimurinn gjörbreyttur. Sovétríkin voru horfin á vit sögunnar, kalda stríðinu lokið en heimurinn hafði horft upp á hryllileg stríð í Afríkuríkinu Rúanda og í Bosníu. Í báðum þessum styrjöldum var nauðgunum beitt sem stríðsvopni í meira mæli en þekkt hafði áður. Umfjöllun um konur á átakasvæðum sem hafði verið til staðar frá upphafi fékk hreinlega nýja merkingu. Ný vandamál voru komin til sögu svo sem vandi stúlkubarna. Á þeim tíma sem liðinn var frá Naíróbiráðstefnunni höfðu sjónir beinst að kynferðislegu ofbeldi og hvers kyns misnotkun á börnum, sérstaklega stúlkubörnum og ljóst var að þar var enn einn heimsvandi á ferð. Stjórnmálaþátttaka kvenna hafði aukist verulega enda mikil áhersla verið lögð á aukin völd kvenna frá því á Naíróbiráðstefnunni, sbr. kvennaframboðin hér á landi. Konur voru þó ekki nema 10% þingmanna í heiminum.

Í Kína þvældust Vatíkanið og nokkur múslimaríki fyrir samþykktum ráðstefnunnar, einkum vegna ákvæða um kynheilbrigði kvenna, þar á meðal rétt til getnaðarvarna og takmarkana barneigna. Að lokum náðist þó samkomulag um yfirlýsingu og merka framkvæmdaáætlun sem almennt

er talin marka tímamót í starfi SP að málefnum kvenna. Í Pekingáætluninni eru skilgreind 12 málefna við þar á meðal fátækt, menntun, heilsa, ofbeldi gegn konum, konur á átakasvæðum, mannréttindi kvenna og loks sérstakur kafli um stúlkubarnið. Það ríkti bjartsýni eftir Pekingráðstefnuna. Það var búið að leggja þjóðum heims tæki í hendur til að taka á misrétti gegn konum og kvennahreyfingar gátu veifað Pekingáætluninni og krafði stjórnvöld um efnidir.

Fimm árum eftir Pekingráðstefnuna var boðað til sérstaks allsherjarþings SP í New York, Peking+5, þar sem kannað skyldi hvar málefni kvenna væru stödd. Í ljós kom eins og áður að þokast hafði á ýmsum sviðum en aftur á bak á öðrum. Enn voru ný málefni komin til sögunnar. Alnæmi sem fylgst hafði verið með frá því í byrjun níunda áratugarins var orðið að faraldri sem breiddist hraðar út meðal kvenna og barna en karla, einkum í Afríku. Konur frá Afríku sögðu að nær væri að tala um Peking-5 á þeirra slóðum. Hrikalegar styrjaldir höfðu bæst við blóði drifna sögu 20. aldarinnar, t.d. í Austur-Tímor, Kósóvo, Sierra Leone, Líberíu og víðar. Öryggi og líf kvenna á átakasvæðum varð sífellt áleitnara viðfangsefni. Um haustið samþykkti Öryggisráð SP sérstaka ályktun nr. 1325/2000 þar sem kveðið er á um aðkomu kvenna að friðargæslu og friðarferlum. Enn var hert á samþykktum SP enda ljóst að afar hægt gekk að bæta stöðuna.

Hringurinn lokast á þessu ári á þeim kvennafundi sem haldinn var í vor sem leið. Enn hafði heimurinn breyst, fleiri styrjaldir bæst við ásamt uppgangi öfgahreyfinga og íhaldsmanna. Lokins var farið að ræða um aðkomu karla að jafnrétti kynjanna og hvernig mætti auka hlut þeirra. Til

þess tíma höfðu sjónir beinst eingöngu að konum. Eins og áður sagði hafði ýmist þokast fram eða aftur. Sameiginlegt er að framfarir gerast með hraða snigilsins. Sem dæmi má nefna að hlutur kvenna á þjóðþingum heimsins er aðeins 16% og hefur aðeins vaxið um 6% á 10 árum þrátt fyrir samþykktirnar frá Peking. Að þessu sinni höfðu Bandaríkin tekið við forystu íhaldsaflanna og tekið sér stöðu við hlið Vatíkansins og múslimaríkjanna í andstöðu við kynfrelsi kvenna. Horfið var frá því að taka upp textann frá því fyrir fimm árum af ótta við afturför.


Við okkur blasir 30 ára saga baráttu fyrir bættum réttindum og kjörum kvenna um allan heim. Árangurinn er verulegur þótt hann sé hvergi nærri nægilegur. Hann felst í öflugum kvennahreyfingum um heim allan, lagabreytingum og þar með réttindum, auknum möguleikum til menntunar og heilsugæslu og þeim tækjum sem lögð hafa verið í hendur kvenna og stjórnvalda til að vinna bug á kynjamisréttinu. Á móti kemur að heimsmálin hafa verið konum víða um heim andsnúin. Styrjaldir, byltingar, bókstafsstrú, afleiðingar alþjóðavæðingar og sjúkdómar hafa lagt líf milljóna kvenna og þar með fjölskyldna þeirra í rúst. Kvennahreyfingar og femínískir fræðimenn segja að andstaða gegn réttindum og auknum áhrifum kvenna fari vaxandi. Við því þarf að bregðast með því að standa fast með Sameinuðu þjóðunum og starfi þeirra í þágu kvenna en einkum þó með því að efla kvennahreyfingar og samstöðu jafnréttissinna og kveða and-ófið í kútinn. Málið snýst um mannréttindi og að allir þegnar njóti virðingar og jafnræðis án tillits til kyns, litarháttar, uppruna eða stéttar. ■



Mikið úrval af sængurfatnaði

Gæði, ending og góð þjónusta

Silki damask Bómullarsatín





Ljósmynd: Ingi Valur Jóhannsson

„Það var sérstaklega auðgandi að sjá og heyra í þeim þúsundum kvenna sem þarna voru saman komnar frá öllum heimsins hornum og síðast en ekki síst að fá að fylgjast með alþjóðlegri orðræðu um jafnréttismál.“



Kvennaráðstefnur Sameinuðu þjóðanna

Kvennaráðstefnur Sameinuðu þjóðanna hafa verið haldnar með reglulegu millibili frá kvennaári SP 1975. Ráðstefnurnar eru taldar marka þáttaskil hvað varðar alþjóðasamþykktir og lagalegan framgang til handa konum í heiminum.

- 1975** Fyrsta kvennaráðstefna SP haldin í Mexíkóborg
- Upplýsingum um stöðu kvenna í heiminum safnað saman í fyrsta sinn
 - Í ljós kom mikil fátækt, valdaleysi, menntunarskortur og hrikalegur barna- og mæðradauði
 - Mikill munur á stöðu kvenna á norður- og suðurhveli jarðar
 - Rík áhersla lögð á menntun kvenna

- 1980** Önnur kvennaráðstefna SP haldin í Kaupmannahöfn
- Vigdís Finnbogadóttir nýkjörin forseti, fyrst kvenna í heiminum
 - Rík áhersla á þróunarmál og margbreytileika kvenna
 - Ofbeldi gegn konum kemst á dagskrá
 - Einnig limlestingar á kynfærum kvenna

- 1985** Þriðja kvennaráðstefna SP haldin í Naíróbí
- Rík áhersla lögð á ofbeldi gegn konum
 - Vaxandi áhersla á mikilvægi pólitískrar þátttöku kvenna
 - Friðar- og afvopnunarmál settu sterkan svip á ráðstefnuna
 - Samhljóða samkomulag náðist í fyrsta sinn um yfirlýsingu ráðstefnunnar

- 1995** Fjórða kvennaráðstefna SP haldin í Peking
- Breytt heimsm mynd
 - Átök í Bosníu og Rúanda vöktu athygli á hlutskipti kvenna í stríðum
 - Aukin þekking nú fyrir hendi
 - Brot á rétti stúlkubarnsins til umræðu
 - Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða fyrst nefnd
 - Konur orðnar 10% þingmanna á heimsvísu
 - Barneignir, getnaðarvarnir og fóstureyðingar mikið þrætuepli
 - Yfirlýsing og framkvæmdaáætlun í 12 köflum samþykkt

- 2000** Sérstakur fundur allsherjarþings SP í New York (Peking+5)
- Framfarir og afturför
 - Alnæmi í vaxandi mæli vandi kvenna
 - Rík áhersla lögð á konur á átakasvæðum
 - Ályktun öryggisráðs SP nr. 1325 (2000) um konur, frið og öryggi samþykkt í kjölfarið
 - Ný málefni : mansal, vændi og klám

- 2005** Sérstakur fundur kvennanefndar SP í New York (Peking+10)
- Ótti við bakslag
 - Vaxandi öfga- og hernaðarhyggja valda áhyggjum
 - Rík áhersla á þúsaldarmarkmiðin
 - Konur orðnar 16% þingmanna á heimsvísu
 - Nóg komið af samþykktum, nú þarf efndir
 - Yfirlýsing samþykkt þar sem heitið er hraðari framkvæmd Pekingáætlunarinnar

Af vettvangi:

Peking+10 fundurinn í New York 2005

Dagana 28. febrúar til 11. mars var haldinn sérstakur fundur Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW) í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Tilfnið var tíu ára afmæli Pekingáætlunarinnar, framkvæmdaáætlunar SP í jafnréttismálum. Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi, sótti fundinn og fjallar hér um umfjöllunarefni hans og niðurstöður.

Varkárar væntingar voru bornar til fundarins frá upphafi. Miðað við þá vinda sem blésu um sali Sameinuðu þjóðanna var ekki talið að aðstæður leyfðu að bætt væri við texta Pekingáætlunarinnar. Þvert á móti var einna mest áhersla lögð á að fá aðildarríki Sameinuðu þjóðanna til að staðfesta að nýju fullan stuðning sinn við Pekingáætlunina og tryggja að ekki yrði hreinlega horfið frá fyrri samþykktum. Á allra síðustu stundu var samþykkt pólitísk yfirlýsing um ítrekaðan stuðning við Pekingáætlunina og því heitið að yfirstíga hindranir og hraða framkvæmd hennar. Þegar yfirlýsingin var samþykkt brutust út fagnaðarlæti í salnum, hróp og klapp, sem eflaust lýsir hvað best miklum almennum stuðningi við áætlunina þó svo að lítill en áhrifamikill minnihluti hafi reynt að spyrna við fótum.

Ekki má heldur skilja sem svo að fundurinn, sem stóð yfir í heilar tvær vikur, hafi eingöngu verið varnarslagur um Pekingáætlunina. Þegar uppi var staðið hafði Kvennanefndin samþykkt níu ályktanir, þar af ítrekað þrjár fyrri ályktanir (um HIV/alnæmi og stöðu kvenna í Afganistan annars vegar og Palestínu hins vegar) og samþykkt sex nýjar: um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í opinberri stjórnsýslu; gagnasöfnun um misrétti gegn konum; mansal; stöðu kvenna eftir náttúruhamfarir; frumbyggjakonur; og rannsóknir og þjálfun kvenna í vísindum.

Einnig voru um eitt hundrað málstofur skipulagðar meðfram formlegum fundahöldum, jafnt opinberar málstofur sem skipulagðar voru af ríkisstjórnnum og alþjóðastofnunum og eins málstofur sem skipulagðar voru af fjölbreyttri flóru frjálsra félagsamtaka. UNIFEM stóð fyrir fjölda málstofa sem snertu starfsáherslur sjóðsins, s.s. kynjaða hagstjórn, afvopnun og aðlögun, viðbrögð við tsunami (hamfarirnar í Suð- Austur-Asíu) og konur sem leiðtoga í stríðshrjáðum ríkjum. Merkilegt var að sitja síðastnefndu málstofuna og hlýða þar á tal kvenna sem hafa barist fyrir réttindum kvenna og pólitískri þátttöku þeirra í ríkjum á borð við Afganistan, Írak, Palestínu og Súdan. Á heimasíðu UNIFEM á Íslandi (unifem.is) má nánar lesa um ólíkar málstofur í dagbókarfærslum frá New York.

Ísland á nú sæti í Kvennanefndinni, sem er undirnefnd Efnahags- og félagsmálaráðs SP (ECOSOC), og tók því virkan þátt í fundinum. Stór sendinefnd Íslands var sett saman af fulltrúum Alþingis, utanríkis- og félagsmálaráðuneytis, undirstofnana þeirra og fulltrúum íslensku kvenna-hreyfingarinnar sem fengu styrk ráðuneytanna til fararinnar. Auk UNIFEM á Íslandi voru þarna fulltrúar Stígamóta, Kvenréttindafélags Íslands og Femínistafélags Íslands. Góður andi ríkti í hópnum og reglulega var skipst á sögum af áhuga-verðum fundum og málstofum. Vöngum var velt yfir því hvort eitthvað nýtt hefði komið fram, hvaða sjónarmið væru háværust, hver væri afstaða ólíkra aðila til málsins og svo framvegis.

Fundurinn í New York var fyrir margt merkilegur. Athyglisvert var að fylgjast með þrýstingi gegn kvenréttindum innan Sameinuðu þjóðanna og ánægjulegt að sjá þau öfl lúta í lægra haldi. Það var sérstaklega auðgandi að sjá og heyra í þeim þúsundum kvenna sem þarna voru saman komnar frá öllum heimsins hornum og síðast en ekki síst að fá að fylgjast með alþjóðlegri orðræðu um jafnréttismál. ■



Stjórnmalapatttaka kvenna

– hvað hefur breyst á tíu árum?

Anne Phillips, prófessor í stjórnmálafræði við London School of Economics var einn aðalfyrirlesari á ráðstefnunni Konur í hnattrænum heimi – Peking áratug áleiðis sem UNIFEM hélt í samstarfi við RIKK í Háskóla Íslands hinn 21. október síðastliðinn.

Rósa Erlingsdóttir, stjórnmálafræðingur fjallar í þessari grein um helstu áherslur í erindi hennar með hliðsjón af fyrri verkum hennar um konur, lýðræði og stjórnmálapátttöku.

Dr. Anne Phillips er vel þekktur stjórnmálafræðingur frá London School of Economics en þar hefur hún sinnt tvískiptri prófessorsstöðu við stjórnmálafræðideild og kynjafræðistofnun háskólans frá árinu 1999 auk þess að vera formaður þeirrar síðarnefndu til fimm ára. Rannsóknir Phillips eru á sviði stjórnmálaheimspeki og fémínískrar stjórnmálafræði og hefur hún skrifað fjölda bóka á þeim sviðum, m.a. um fulltrúalýðræði, jafnrétti, mannréttindi, minnihlutahópa og fjölmenningsstefnu. Phillips hlaut heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann í Álaborg árið 1999 og var kosin félagi í *The British Academy* árið 2003. Meðal þekktari bóka hennar eru *Engendering Democracy* (1991) sem hlaut verðlaun *American Political Science Association* árið 1991 fyrir bestu bókina um konur og stjórnmál; *The Politics of Presence: the Political Representation of Gender, Ethnicity and Race* (1995); og *Which Equalities Matter?* (1999). Phillips er ein ritstjóra *Oxford Handbook of Political Theory* (væntanleg 2006) og í vinnslu er bókinn *Multiculturalism without 'Culture'* sem tekur á togstreitu milli fjölmenningsstefnu og kynjajafnréttis en hún er einnig væntanleg á næsta ári.

Mikilvægi stjórnmálapátttöku kvenna viðurkennt

Í erindi sínu í Háskóla Íslands fjallaði Anne Phillips um þróun stjórnmálapátttöku kvenna. Hún vísaði til upplýsinga um fjölda kvenna á þjóðþingum sem alþjóðasamtök

þjóðþinga *The Inter-Parliamentary Union* hafa tekið saman frá 1997 og eru birtar á heimasíðu samtakanna www.ipu.org. Síðustu tíu ár hefur stjórnmálapátttaka kvenna aukist um allan heim. Í dag er erfitt að finna yfirlýst lýðræðisríki þar sem ráðamenn telja það vandkvæðalaust að mikill meirihluti kjörinna fulltrúa þeirra eru karlar. Undanfari breytinganna er að mun fleiri ríki og stjórnmálaflokkar hafa viðurkennt og innleitt sértækar aðgerðir til að vinna gegn lágu hlutfalli kvenna í stjórnmálum og mörg nýstofnuð lýðræðisríki hafa notað kynjakvóta til að auka hlut kvenna.

Þrátt fyrir ofangreindar breytingar segir Anne Phillips ekki ástæðu til of mikillar bjartsýni þar sem enn sé staðan að mörgu leyti óbreytt. Í dag eru konur um 16% kjörinna fulltrúa í heiminum en voru 12% fyrir átta árum síðan. Umskiptin eru því ekki stórfengleg þó breytingu megi merkja í viðhorfum til aðgerða til að fjölga konum í stjórnmálum. Norðurlöndin njóta einnig enn þeirrar sérstöðu að vera í fararbroddi hvað varðar fjölda kvenna á þjóðþingum þó aðeins Svíþjóð státi af hlutfalli herra en 40 af hundraði. Hlutfallið er sömuleiðis hátt á Íslandi borið saman við flest ríki heims en lágt í samanburði við önnur Norðurlönd. Eftir þingkosningarnar 2003 hrapaði Ísland niður í 17. sæti á lista alþjóðasamtaka þjóðþinga.

Phillips segir að þrátt fyrir að stjórnmálapátttaka kvenna sé í dag talin mikilvægari en fyrir um áratug séu markmið lýðræðisríkja ekkert sérstaklega metnaðarfull þegar kemur að fjölgun kvenna á fulltrúasamkundum. Að sama skapi ríki ekki samþykki um hvaða árangur sé áætlanlegur, hver sé hinn svokallaði þröskuldur eða hversu hátt hlutfall kvenna þurfi að vera til að hafa varanleg áhrif á inntak stjórnmálanna. Phillips segist sjálf styðjast við 25%. Sé því marki náð sé þátttaka kvenna orðin að reglu þó vissulega sé hæpið að fullyrða um kynjajafnrétti við 25% hlutfall. Árið 1997 gátu 13 ríki af 192 státað af þessum árangri en 2005 eru þau 26 - eða helmingi fleiri.

Með því að varpa ljósi á þessar tölur spyr Phillips hvað

sé ásettanlegur árangur og gagnrýnir um leið metnaðarleysi stjórnmálanna. Erum við ánægð þegar konur eru einn af hverjum fimm kjörnum fulltrúum, einn af hverjum fjórum eða sættum við okkur meira að segja við stöðuna eins og hún birtist okkur hér á landi þar sem einn af hverjum þremur kjörnum fulltrúum er kona? En þrátt fyrir þetta meinta metnaðarleysi fagnar Phillips breytingunum og segir að þær megi rekja til samþykktarinnar í Peking 1995. Framkvæmdaáætlunin sem þar var samþykkt fól í sér hvatningu til aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna um að vinna að jöfnu hlutfalli kynjanna meðal stjórnmálanna með sértækum aðgerðum ef þörf krefði. Hvatningin var róttæk þar sem í textanum er tekið fram að ekki nægi að treysta því að hlutföllin lagist með tímanum og það nægi ekki að fjölga konum heldur eigi að stefna að jöfnu hlutfalli kynjanna. Þar með varð frasin *fleri konur í stjórnmál* lögmætur og stjórnvöldum aðildarríkjanna voru kynntar raunhæfar leiðir að markmiðinu.

Sjálfsagt réttlæti milli kynja

Phillips segir fræðilega og opinbera orðræðu um konur og stjórnmál enn bera þess merki að ekki ríki einhugur um hvort og þá hverju þátttaka kvenna breyti fyrir skipulag og inntak stjórnmálanna. Hún segir fullyrðingar um að konur séu á einhvern hátt öðruvísi en karlar og muni þ.a.l. breyta inntaki stjórnmálanna með þátttöku sinni jafnvel sjaldgæfari en þær voru fyrir tíu árum. Með öðrum orðum er óskýrara hvernig við viljum færa rök fyrir nauðsyn aukinnar þátttöku kvenna í stjórnmálum.

Phillips er einna helst þekkt fyrir að hafa fært sterk rök fyrir lýðræðislegri nauðsyn þess að fulltrúasamkundur endur-

spegli þjóðfélagið. Hún hefur bent á að kosningaréttur sé ekki réttur mælikvarði á lýðrættindi kvenna. Lítil stjórnmálapátttaka og fæð þeirra í áhrifastöðum endurspeglir ójöfn tækifæri og ójafna möguleika kynjanna til félagslegs hreyf-

Phillips er einna helst þekkt fyrir að hafa fært sterk rök fyrir lýðræðislegri nauðsyn þess að fulltrúasamkundur endurspeglir þjóðfélagið. Hún hefur bent á að kosningaréttur sé ekki réttur mælikvarði á lýðrættindi kvenna.

anleika, þ.e.a.s möguleika einstaklinga til að breyta þjóðfélagi byggðu á kynjamisrétti. Lýðræðið verði að taka mið af kynjamismunum og ójafnrétti kynjanna til að konur geti orðið þátttakendur í sama mæli og karlmenn í pólitískri ákvarðanatöku. Ef þátttaka kvenna er tryggð með sértækum aðgerðum eins og kynjakvótum muni það til lengri tíma draga úr áhrifum kynferðis á skipulag stjórnmálanna sem í dag þjónar

hagsmunum karla fremur en kvenna. Fjölgun kvenna sé þannig upphafið að réttlátara fulltrúalýðræði þar sem pólitísk þýðing mismununar hefur verið viðurkennd.

Ástæðuna fyrir sterkri andstöðu við sérstækar aðgerðir á sviði stjórnmálanna segir Phillips byggja á þeirri staðreynd að þær gangi gegn helstu rökum frjálshyggjunnar um frelsi einstaklingsins og banni við mismunum. Til að mynda sé það talið stríða gegn vali kjósendans að breyta röðun á lista eftir að prófkjör hefur farið fram til að mæta kröfum um jöfn kynjahlutföll. Stjórnmálaöfl frjálshyggjunnar hafa hins vegar verið tilbúin til að viðurkenna að óheft markaðshagkerfi sem eingöngu lúti lögmálum hinnar frjálsu samkeppni muni leiða til félagslegrar mismununar eða misskiptingar milli ríkra og fátækra þar sem hinir fyrrnefndu muni sjálfkrafa vera í sterkari stöðu. Þess vegna samþykkir frjálshyggjan ríkisafskipti, reglur um viðskipti og efnahagsmál í vestrænum velferðarsamfélögum sem vinna að því að draga úr óæskilegum fylgiskilum frjáls markaðshagkerfis. Látum við stjórnmálakerfið óafskipt er líklegt að það muni endurspeglar félagslega mismunum kynjanna og hygla körlum sem festi ójafnréttið enn frekar í

sessi. Nauðsynlegt sé að viðurkenna ofangreint því sértækar aðgerðir byggja á samþykki okkar á að grípa þurfi inn í til að breyta kynjahlutföllum í stjórnmálum.

Rök Phillips fyrir nauðsyn þess að auka hlut kvenna í stjórnmálum hafa verið dregin saman í fjórar megináherslur. Í fyrsta lagi séu konur í stjórnmálum sterk fyrirmynd annarra kvenna, í öðru lagi sé um að ræða sjálfsagt réttlæti milli kynja, í þriðja lagi verði sérhagsmunir kvenna að eiga ótula talsmenn og í fjórða lagi muni aðkoma kvenna auka gæði stjórnmálanna og lögmæti fulltrúastofnana. Síðasta áherslan byggir á þeirri skoðun Phillips að sýn kvenna og karla á stjórnmál sé mismunandi og byggja að einhverju leyti á ólíkum bakgrunni og reynslu kynjanna. Sterkustu rökin segir hún vera réttlætisrökin, þ.e. að það sé fjarstæðukennt, ósamngjarnt og andstætt hugmyndum okkar um fulltrúalýðræði að karlar einoki pólitískar stöður.

Hausatölinn – sagan öll?

Í erindi Phillips kom fram að hún væri ekki lengur sannfærð um að krafan um réttlæti væri nægilega sterk til að ná samþykki og þar með nauðsynlegum stuðningi almennings við markmiðið um jafnara hlutfall kynjanna í fulltrúastöðum. Mikið hefur verið rætt og ritað um framtíð lýðræðis vegna vaxandi óánægju almennings með stjórnmál sem m.a. kemur fram í sífellt lægri kosningaþátttöku í vestrænum lýðræðisríkjum eins og Þýskalandi, Frakklandi, Bretlandi og Bandaríkjunum. Phillips segir að umræðan um kynjajafnrétti í stjórnmálum verði að taka mið af þeirri stöðu sem upp sé komin og að hún verði að snúast meira um áhrif kvenna á inntak stjórnmálanna, stefnumótun og þar með á líf hins almenna kjósanda. „Við eigum að sannfæra fólk um að það sé á valdi stjórnmálanna að breyta lífi þeirra til hins betra, að fátækt, láglauastörf og kynskiptur vinnumarkaður séu ekki náttúruleg mál. Að til séu leiðir til að berjast gegn heimilisofbeldi og skorti á dagvistunarræðum svo dæmi séu tekin. Ein leiðin er að fjölga konum í stjórnmálum þar sem alþjóðlegar samanburðarrannsóknir sýni að konur eru frekar málsvarar þeirra hagsmuna sem brenna á flestum konum eins og þeirra sem snúa að jafnrétti, félagslegu réttlæti og úrræðum í heilbrigðis- og félagsmálum.“

Í viðtali við Morgunblaðið sem birtist 2. nóvember síðastliðinn lýsir Phillips hrfingni sinni á aðgerðum íslensku kvannahreyfingarinnar og vísar þar til kvennafrísins 24. október. Hún segir hugmyndina í senn frábæra og frumlega og nauðsynlegt að beina sjónum almennings með þessum hætti að lakri stöðu kvenna á vinnumarkaði ekki sist vegna þess að ekki hafi enn náðst samþykki fyrir sértækum aðgerðum til að bæta stöðu kvenna í atvinnulífinu. Á öðrum stað skrifaði Phillips: „Það er okkar að breyta og virkja lýðræðið. Það er ekki föst stærð heldur þróun eða ferli en styrkur þess felst í því hvar við erum stödd á leið okkar að réttlátara samfélagi.“

Sjá nánari upplýsingar á ensku um Dr. Anne Phillips á heimasíðu London School of Economics: <http://www.lse.ac.uk/collections/genderInstitute/whosWho/profiles/phillips.htm>



GEÐORÐIN 10

1. Hugsaðu jákvætt, það er léttara
2. Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
3. Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
4. Lærðu af mistökum þínum
5. Hreyfðu þig daglega, það léttir lundina
6. Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
7. Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
8. Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup
9. Finndu og ræktaðu hæfileika þína
10. Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast

Um væntingar, viðhorf og óskýr skilaboð

Uppbyggingarstarfið í Kósóvó

Hrund Gunnsteinsdóttir þróunarfræðingur dvaldi í Pristína í Kósóvó og starfaði sem verkefnisstjóri á skrifstofu UNIFEM frá 2001-2002. Í fyrra snéri hún aftur sem ráðgjafi á vegum Svæðisskrifstofu UNIFEM í Mið- og Austur-Evrópu. Hér segir hún frá ferðinni og verkefninu sem hún var send til að leysa.

Þegar ég kom aftur til Pristína í Kósóvó í fyrrahaust var að sumu leyti eins og ég væri að koma heim. Þarna bjó ég í eitt ár frá 2001-2002 og starfaði sem verkefnisstjóri á skrifstofu UNIFEM. Í þetta skiptið var ég í Kósóvó sem ráðgjafi á vegum Svæðisskrifstofu UNIFEM í Mið- og Austur-Evrópu og mitt hlutverk var að kanna fýsileika á því að UNIFEM gæfi út einhvers konar þekkingarefni byggt á starfinu í Kósóvó um það hvernig vinna skuli að jafnréttismálum í uppbyggingarstarfi eftir stríð. Starfið hefur verið árangursríkt og er í dag talið gefa gott fordæmi um það hvernig uppbyggingarstarf með tilliti til kynjajafnréttis skuli framkvæmt í komandi „missjónum“, eða uppbyggingarstarfi eftir stríð víðsvegar um heim.

Hlutverk mitt var að spyrja breiðan hóp fólks út í hvað hefði farið vel og hvað hefði mátt betur fara hvað uppbyggingarstarfið varðar og sértæk verkefni UNIFEM. Viðmælendur mínir voru alþjóðlegir starfsmenn ýmissa stofnana, kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum og héraðsþingi, opinberir starfsmenn, kennarar og fræðimenn, baráttufólk fyrir kven- og mannréttindum og starfsfólk innlendra- og erlendra félagsamtaka í Kósóvó.

Á meðan á vikulangri heimsókn minni stóð hélt ég mestmegnis til í fundarherbergi á Hótel Pristína þess á milli sem ég hentist um borgina og ræddi við einstaklinga yfir hádegis- og kvöldverðum. Á fyrsta degi stóð ég fyrir utan hótelið klædd í ullarjakka og pils, í loðstígvélum og með trefil. Þetta var í byrjun nóvember og ég bjóst við snjó og kulda. En

úti var rúmlega 30 stiga hiti og ég pungsvæitt, leið svolítið eins og ég væri í rangri bíómynd. Pristína hefur lítið breyst síðan ég bjó þar fyrir utan einstaka veglegar byggingar og íbúðarhúsnæði og töluvert glæsilegri bílafloata. Að ógleymsdu veðurfarinu sem er eins sveiflukennt og óstöðugt lundarfár, samanber sumarveður um miðjan vetur. Þó var eins og ég væri að heimsækja aðra borg en þá sem ég bjó í, einhvern veginn fjarlægari borg með mengaðra lofti. Kannski var það ég sem hafði breyst. Þegar leið á viðtölin rann hins vegar upp fyrir mér að þrátt fyrir breytingarnar var eins og tíminn hefði staðið í stað því umkvörtunarefni fólks var ennþá það sama: samskipti heimamanna og alþjóðlegra starfsmanna og eftirfylgni markmiða Sameinuðu þjóðanna (SP) í héraðinu. Að ógleymsdri spurningunni um stöðu héraðsins, hvort það fengi sjálfstæði frá Serbíu eða ekki.

Um væntingar og viðhorf

Kósóvó-Albanar báru sérstaklega miklar væntingar til alþjóðlegra stofnana við upphaf uppbyggingarstarfsins. Séð var fyrir endann á kúgun serbneskra stjórnvalda í Belgrad og íbúarnir gerðu sér vonir um nýtt og sjálfstætt Kósóvó sem ætti fullt erindi í evrópska samvinnu. Fjölmargir voru búnir að mynda sér skoðanir á því hvernig uppbyggingin ætti að fara fram og til að byrja með myndu alþjóðlegir starfsmenn hjálfa heimamenn í hinu og þessu sem viðkæmi rekstri og uppbyggingu lýðræðislegra stjórnarháttá. Fljótlega tók óánægja að hreiðra um sig og þremur árum eftir að loftárásam NATO á Kósóvó lauk og héraðið fór undir stjórn SP voru margir orðnir þreyttir á því að vera haldið utan við stjórn og ákvarðanatöku um framtíð Kósóvó.

„Í upphafi þurftum við á aðstoð alþjóðasamfélagsins að halda og við erum því þakklát fyrir allt sem það hefur gert fyrir Kósóvóbúa. Við hefðum aldrei getað unnið það starf sem hefur verið gert án þeirra. Við vorum svolítið eins og hjálparþurfa barn. En nú eru þrjú ár liðin, við höfum kosið



um framkvæmd uppbyggingarstarfsins. Og konurnar höfðu sömu sögu að segja haustið 2004 og Tengslanet Kósóvó-kvænna (KWN) lýsti yfir í opnu bréfi til sendinefndar öryggisráðs SP til Kósóvó í desember 2002:

„Konum í Kósóvó var mestmegnis haldið utan við friðarferlið og sjaldan hafa þær verið spurðar álits af fulltrúum sendinefnda á vegum SP [UNMIK]. Þar að auki er stærstur hluti alþjóðlegra starfsmanna karlmenn, sérstaklega meðal háttsettra starfsmanna alþjóðlegra stofnana í Kósóvó, sem gefur slæmt fordæmi hvað jöfn kynjahlutföll og jafnrétti varðar.“

Eins og ég segi, mér fannst eins og tíminn hefði staðið í stað að mörgu leyti og velti því fyrir mér hvort þau ríki sem sendi fulltrúa sína í friðargæslustörf og alþjóðlegar stofnanir hafi á stefnuskrá sinni að jafna hlut kynjanna í þessu starfi – ekki síst í háttsettum stöðum – og fræða fulltrúa sína um stöðu karla og kvenna og minna þá á að konur eru virkir þátttakendur í samfélögum. Fá þær ekki að standa jafnfætis körlum er einungis verið að taka á hluta af vandamálinu. ■

„Konum í Kósóvó var mestmegnis haldið utan við friðarferlið og sjaldan hafa þær verið spurðar álits af fulltrúum sendinefnda á vegum SP [UNMIK]. Þar að auki er stærstur hluti alþjóðlegra starfsmanna karlmenn, sérstaklega meðal háttsettra starfsmanna alþjóðlegra stofnana í Kósóvó, sem gefur slæmt fordæmi hvað jöfn kynjahlutföll og jafnrétti varðar.“

Mikilsvert þróunar- og uppbyggingarstarf

Í Mið- og Austur-Evrópu

okkur héraðsþing og eigin héraðsstjórn. Barnið hefur því fullorðnast og er orðið of stórt fyrir rimlarúm en UNMIK [yfirstjórn SP í Kósóvó] vill ekki lyfta okkur upp úr því. Mér líður eins og gesti í eigin landi.“

Þetta sagði mér fimmtugur karlmaður áður en ég fór frá Kósóvó sumarið 2002 og svipaðri tilfinningu lýstu flestir sem ég ræddi við haustið 2004: að meginákvæðanatökum um framtíð og stjórn Kósóvó væri enn mestmegnis í höndum útlendinga, fulltrúa á vegum SP, Evrópusambandsins, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og NATO. Hvað jafnrétti kynjanna áhrærir lýstu þeir sömu ónægju með eigin yfirvöld því vonir um að mannréttindi kvenna yrðu virt sem og réttur þeirra til að taka virkan þátt í uppbyggingarstarfinu og stjórn héraðsins voru að miklu leyti byggðar á fólkskum forsendum.

Eins og ein kvennanna og innlendur starfsmaður hjá sérstofnun SP komst að orði: „Þegar alþjóðasamfélagið tók við stjórn Kósóvó var dagur frelsunar. Við höldum að þeir myndu færa allt til betri vegar. Núna finnur fólk fyrir vonleysi. SP hefur ekki virt kvennahreyfinguna nægilega og SP (UNMIK) ættu að starfa samkvæmt þörfum og markmiðum heimamanna en ekki stjórna öllu eftir eigin höfði.“

Væntingar Serba voru nánast öfugar. Þeir bjuggust ekki við miklu af alþjóðasamfélaginu, enda álitnir óvinir í stríði. En eftir því sem tíminn hefur liðið óttast Serbar og aðrir minnihlutahópar að þegar alþjóðlegar stofnanir hætti störfum í Kósóvó séu öryggi þeirra og mannréttindi ekki lengur tryggð. Sú tilfinning styrktist verulega eftir að átök blossuðu upp í mars 2004 er serbneskir borgarar urðu fyrir árásum Kósóvó-Albana.

Hvað alþjóðlega starfsmenn varðar, viðurkenndu margir að þeir hefðu haft villandi hugmyndir um Kósóvóbúa og sérstaklega konur í Kósóvó. Í fjölmiðlum hafði verið fjallað um „góðu og vondu karlana“, Albani og Serba líkt og um

einsleitar heildir væri að ræða en ekki ólíka einstaklinga og fólki af fleiri þjóðernum. Alþjóðlegir starfsmenn höfðu sumir þær hugmyndir að þeir væru komnir til Kósóvó til að bjarga heimamönnum og „kenna“ þeim hvernig þeir ættu að lifa lífi sínu. Bæði Kósóvóbúar og alþjóðlegir starfsmenn töluðu um fordóma þeirra síðarnefndu gagnvart heimamönnum og skort á virðingu fyrir þekkingu þeirra og hæfni. Að þessar fyrirframgefnu hugmyndir hefðu hamlad samstarfi og árangri verkefna.

„Gerðu eins og ég segi en ekki eins og ég geri“

Samkvæmt könnun sem gerð var í Kósóvó árið 2003 kom fram að verkefni UNIFEM eru talin hafa náð því markmiði að virkja innlenda karlmenn ekki síður en konur í því að leiða jafnréttisbaráttuna. Jafnréttisáætlun fyrir Kósóvó, jafnréttisráð og nefndir á sveita- og héraðsstjórnarstigi eru vitnisburður um það en þar hafa innlendir karlmenn ekki síður en konur sýnt frumkvæði. Þessum verkefnum og ráðum er í dag stjórnað af heimamönnum en UNIFEM sinnir ráðgefandi starfi. Þetta eru gleðitíðindi fyrir UNIFEM en um leið áfelligdómur á mikið af því starfi sem þarna hefur verið unnið því þessi árangur þótti heyra til undantekninga ef marka má orð viðmælenda minna. Langtímaárangur felst í því að heimamenn taki fyrst og fremst ábyrgð á og sýni frumkvæði að uppbyggingu á eigin landi sem þeir þekkja best.

Trúverðugleiki alþjóðlegra stofnana eins og SP, sérstaklega undir formerkjum yfirstjórnarinnar í Kósóvó, UNMIK, hefur beðið hnekkji því markmiðið er að koma á lýðræðislegum stjórnarháttum sem mörgum Kósóvóbúum finnst vera í orði en ekki á borði. Tilvísun í Kvennasáttmála SP og ályktun öryggisráðs SP nr 1325 í stjórnarskrá héraðsins eru dæmi um þetta. Þar er sem dæmi kveðið á um jafnrétti kynjanna og jafnan þátt karla og kvenna í ákvæðanatöku

Osnat Lubrani hefur starfað sem yfirmaður svæðisskrifstofu UNIFEM í Mið- og Austur-Evrópu síðan í apríl 2001. Svæðisskrifstofan er staðsett í Bratislava í Slóvakíu og hefur Osnat þar yfirumsjón með verkefnum í Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Búlgaríu, Króatíu, Tékklandi, Eistlandi, Ungverjalandi, Lettlandi, Litháen, Makedóníu, Póllandi, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu, Tyrklandi, Serbíu og Svartfjallalandi auk Kósóvó. Edda Jónsdóttir tók Osnat tali þegar hún heimsótti Ísland á dögnum í tengslum við ráðstefnuna Konur í hnattrænum heimi.

Hvernig kom til að þú gerðist starfskona UNIFEM?

Áður en ég hóf störf hjá Sameinuðu þjóðunum, starfaði ég sjálfstætt við heimildarmyndagerð auk þess sem ég framleiddi heimildarmyndir sem einkum fjölluðu um samtímamál tengd stjórn-málaþróun og mannréttindum. Ýmsar ástæður lágu að baki því að mig langaði til að söðla um og skipta um starfsvettvang þar sem ég fengi aukin tækifæri til að einbeita mér að mannréttinda- og þróunarmálum.

Ég tók mér tíma til að ljúka annarri meistaraáráðu við alþjóðadeild Columbia University og sérhæfði mig í mannréttindum, réttindum kvenna og stýringu þróunarverkefna. Á sama tíma kynntist ég starfsemi UNIFEM.



Osnat Lubrani

Ég gekk til liðs við UNIFEM árið 1997 en þá hafði alls-herjarþing Sameinuðu þjóðanna nýverið lýst því yfir að stofnaður skyldi sérstakur sjóður til að styrkja verkefni til að binda endi á ofbeldi gegn konum.

Mitt fyrsta verkefni var að koma sjóðnum á laggirnar og hafa umsjón með veitingu fjár úr honum í fyrstu verkefni. Síðar varð ég aðstoðarkona framkvæmdastýru UNIFEM, Noleen Heyzer og vann þá að friðarumleitunum og öryggismálum. Ég var send til að starfa sérstaklega með UNDP [Þróunarmálaáætlun SP] í tengslum við átökin í Makedóníu árið 2001. Ári síðar var ég sett yfir starfsemi UNIFEM í Mið- og Austur-Evrópu og hef nú aðsetur í Bratislava.

Ég hef tekið virkan þátt í þróun starfsemi UNIFEM á sviði stjórnunar, friðar og öryggis. Ég er upprunalega frá Ísrael og hef helgað mig framgangi friðarumleitana, ekki hvað síst á þeim slóðum. Ég hef einnig unnið að mannréttindamálum í Afríku, meðal annars í Rúanda og Lýðveldinu Kongó.

Hvert er meginhlutverk svæðisskrifstofu UNIFEM í Bratislava?

Skrifstofa UNIFEM í Mið- og Austur-Evrópu annast verkefni á því svæði, meðal annars í löndum sem hafa nýlega gengið í Evrópusambandið eða stefna að inngöngu, t.a.m. Eistland, Lettland, Litháen, Tékkland, Slóvakía og Pólland auk Búlgaríu og Rúmeníu. Við leggjum áherslu á lönd Suðaustur-Evrópu þar sem sárasta fátæktin ríkir og afleiðinga stríðsátaka gættir hvað mest. Í samræmi við forgangsröðun UNIFEM á heimsvísu er það hlutverk okkar að styðja við verkefni sem stuðla að því að draga úr mismunum og útilokun kvenna í efnahagslegri þróun og uppbyggingu í Austur-Evrópu. Það er mikilvægt að bæta löggjöf til að tryggja öryggi kvenna og binda endi á ofbeldi gegn þeim. Einnig



UNICEF / HD00 0296/Tomislav Petrenak

Innan áætlunarinnar hyggjumst við auka starfsemi okkar í Makedóníu, Serbíu og Svartfjallalandi og Albaníu. Ástandið í þessum löndum eftir stríð hefur einnig gefið okkur tilefni til að fylgjast með framkvæmd ályktun öryggisráðsins númer 1325 [um konur, frið og öryggi], sér í lagi hvað varðar Kósóvó og Bosníu og Hersegóvínu. Í gegnum Ofbeldissjóð UNIFEM styrkjum við einnig frumkvöðlaverkefni sem hafa það að markmiði að binda endi á ofbeldi gegn konum, nú síðast í Króatíu. Okkar næstu skref eru að þróa verkefni sem snúa að inngöngu nýrra ríkja í Evrópusambandið og hvernig hægt sé að nýta það ferli til að tryggja og auka jafnrétti kynjanna.

Hvert er meginmarkmið UNIFEM í Mið- og Austur-Evrópu?

Það er einkum tvennt sem hefur áhrif á ríki Mið- og Austur-Evrópu í félagslegu og stjórnmálalegu tilliti. Hið fyrra er inn- ganga og aðlögun að Evrópusambandinu og hið síðara er uppbygging í Suðaustur-Evrópu í kjölfar stríðsátaka.

Meginmarkmið UNIFEM á svæðinu eru í fyrsta lagi að stuðla að lagalegri og stjórnarfarslegri þróun sem styður við konur og tryggir þeim full réttindi. Í því tilliti leggjum við ríka áherslu á það að lögum og reglum sem hafa þegar verið sett sé réttilega framfylgt. Í öðru lagi höfum við það einnig að markmiði að breyta stofnunum svo þær megi verða betur í stakk búnar að taka sér jafnréttismál á hendur. Til þess að þetta megi verða að veruleika vinnum við náið með jafnréttisstofnunum og öðrum framkvæmdaðilum á ýmsum

stigum. Í þriðja lagi er það markmið okkar að auka getu og vægi þeirra sem starfa að jafnréttismálum. Að undanfögnu hefur þeim sem starfa að jafnréttismálum á svæðinu í kringum okkur vaxið ásmegin og nú er svo komið að vinna þeirra er farin að skila umtalsverðum árangri. Það er okkar

hlutverk að sjá til þess að þau hafi aðgang að sérfræðiupplýsingum og að hvetja þau til áframhaldandi dáða. Loks er það einnig markmið okkar að styðja fjárhagslega við sjálfstæð verkefni á sviði jafnréttismála og að hvetja konur til þess að láta að sér kveða.

Hver eru tengsl svæðisskrifstofu UNIFEM í Bratislava og skrifstofu UNIFEM á Íslandi?

UNIFEM í Bratislava á mjög sérstök tengsl við landsnefnd UNIFEM á Íslandi. Við höfum notið stuðnings íslenskra stjórnvalda og höfum haft sérfræðinga frá Íslandi í vinnu hjá okkur við verkefni í Kósóvó frá árinu 2000. Flestir þessara sérfræðinga hafa tengst UNIFEM á Íslandi með einhverjum hætti.

Við erum hæstánægð með að nýlega hefur UNIFEM á Íslandi lýst yfir stuðningi sínum við nýtt verkefni okkar í Suðaustur-Evrópu. Þetta verkefni er einkar spennandi þar sem það byggir á sérkunnáttu þeirri sem við höfum aflað okkur með starfinu í Kósóvó. Við sjáum fram á að samskiptin og samvinnan við Ísland komi til með að þróast enn frekar um ókomna tíð. ■

er mikilvægt að stuðla að jafnrétti kynjanna hvað varðar lýðræðisþróun, frið og uppbyggingu í kjölfar átaka.

Hversu margt starfsfólk er á skrifstofunni?

Það eru fjórir starfsmenn í fullu starfi á skrifstofunni í Bratislava auk fjögurra starfsmanna sem starfa að verkefnum í Kósóvó. Við gerum ráð fyrir því að fá fleira fólk til liðs við okkur til að vinna að nýrri svæðisáætlun fyrir Suðaustur-Evrópu. Við njótum einnig stuðnings sérfræðinga og ráðgjafa sem leggja okkur lið þegar þörf krefur.

Hver eru meginverkefni ykkar?

Líkt og ég nefndi áðan þá leggjum við mikla áherslu á verkefni á Balkanskaga. Við erum með stórt verkefni í Kósóvó sem hefur verið starfrækt frá lokum stríðsins árið 1998 og er nú komið á lokastig. Verkefninu er ætlað að styðja við nýja jafnréttislöggjöf og stjórnvaldstæki sem henni fylgja. UNIFEM hefur aðstoðað hóp lögmanna við að endurskoða nýja eða endurskoðaða löggjöf í héraðinu með hliðsjón af kynja- og mannréttindasjónarmiðum og höfum við lagt Kvennasáttmála SD (CEDAW) til grundvallar þeirri vinnu. Við höfum einnig stutt við bakið á talsmönnum jafnréttis og átt þátt í að skapa þeim vettvang til að hvetja konur til þátttöku í stjórnmála- og efnahagslífi. Nýlega höfum við handa við nýja svæðisáætlun fyrir Suðaustur-Evrópu sem felur í sér eflingu stofnana og stjórnækja í jafnréttismálum og stuðningi við grasrotarhreyfingar til að tryggja að stefnumálum, samþykktum og löggjöf, sem nú þegar hafa verið samþykkt, sé framfylgt til að tryggja réttindi kvenna og vernda þær fyrir mismunun.

Í samræmi við forgangsröðun UNIFEM á heimsvísu er það hlutverk okkar að styðja við verkefni sem stuðla að því að draga úr mismunun og útilokun kvenna í efnahagslegri þróun og uppbyggingu í Austur-Evrópu.

Þátttaka kvenna í stjórnmálum í Mið- og Austur-Evrópu eftir fall kommúnismans

Lykilþáttur í hugmyndafræði kommúnismans er jafnræði kynjanna. Fyrir fall kommúnismans voru konur í Mið- og Austur-Evrópu hvattar, jafnvel skyldaðar, til að taka þátt í stjórnmálum og atvinnulífínu. Þátttaka þeirra á þessum sviðum var því mun meiri en í flestum vestrænum lýðræðisríkjum. Þar að auki voru konur í Mið- og Austur-Evrópu mjög vel menntaðar. Þegar Múrinn féll töldu því margir að gullið tækifæri hefði skapast til að koma á fót lýðræðislegum stjórnkerfum þar sem jafnrétti kynjanna væri í hávegum haft. Jóhanna Jónsdóttir stjórnmálafræðingur fjallar um stjórnmálaþátttöku kvenna í Mið- og Austur-Evrópu eftir fall kommúnismans.

Árangur minni en væntingar stóðu til

Þrátt fyrir miklar væntingar, stórminnkaði þátttaka kvenna í stjórnmálum í Mið- og Austur-Evrópu eftir stjórnarfarsbreytingarnar. Ýmsar hugsanlegar skýringar hafa verið nefndar í þessu samhengi. Í fyrsta lagi var sterk tilhneiging til að hafna öllu sem tengdist kommúnisma, þar með töldum hugmyndum um jafnrétti kynjanna. Mikill stuðningur var aftur á móti við kristilega hugmyndafræði og þjóðernishyggu sem ýttu undir það viðhorf að hlutverk kvenna væri innan heimilisins. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að jafnrétti kynjanna í kommúnistaríkjunum var að miklu leyti á yfirborðinu. Margar konur voru á þingi vegna hárra kynjakvóta en þing höfðu hins vegar takmörkuð völd og afar fáar konur gegndu lykilembættum. Þótt konur hafi verið hvattar til að taka þátt í stjórnmálum og atvinnulífínu undir stjórn kommúnista var áfram gert ráð fyrir því að þær bæru alla ábyrgð á heimilissköfnum og uppeldi barna. Konur litu því oft á þátttöku í stjórnmálum sem aukabyrði sem þær voru fegnar að losna undan þegar lýðræði var komið á fót.


Undanfarin ár hefur þátttaka kvenna í stjórnmálum aukist smám saman. Hlutfall kvenna á þingi er að mörgu leyti lýsandi fyrir þátttöku þeirra í stjórnmálum almennt. Myndin að neðan sýnir helstu breytingar á hlutfalli kvenna á þjóðþingum í Mið- og Austur-Evrópu frá tímum kommúnismans til dagsins í dag.

Þróunin svipuð og í öðrum löndum

Eins og sjá má er þróunin svipuð í öllum löndunum. Hlutfall kvenna á þingi var mjög hátt í tíð kommúnismans, náði lágmarki eftir fyrstu lýðræðislegu kosningarnar en hefur aukist á undanförmum árum. Hins vegar má einnig sjá mikinn mun á milli landa. Í sumum löndum er hlutfall kvenna á þingi komið yfir 20% en annars staðar er hlutfall þeirra ennþá undir 10%. Ýmsar hugsanlegar skýringar eru á þessum mun. Til dæmis eru löndin á svæðinu komin mislangt á leið í efnahagslegri og pólitískri þróun en talið er að pólitískur stöðugleiki og efnahagsleg velmegun ýti undir þátttöku kvenna í stjórnmálum. Einnig hafa löndin misjafnan menningarlegan bakgrunn. Þar má helst nefna að í sumum ríkjum er sterk rétttrúnaðar- eða kaþólsk hefð sem gerir konum erfiðara fyrir að taka þátt í stjórnmálum.

Þótt þessir þættir hafi að öllum líkindum visst skýringargildi, hafa pólitískar stofnanir og reglur ef til vill ennþá meiri áhrif á þátttöku kvenna í stjórnmálum. Í þessu samhengi má helst nefna muninn á Búlgaríu og Ungverjalandi. Í Búlgaríu er pólitísk og efnahagsþróun komin skammt á veg miðað við flest önnur lönd á svæðinu. Ennfremur ríkir þar sterk rétttrúnaðarhefð. Þrátt fyrir það er hlutfall kvenna á þingi hátt miðað við grannríkin eða yfir 20%. Til samanburðar eru einungis 9% þjóðkjörinna fulltrúa í Ungverjalandi konur þótt Ungverjaland sé yfirleitt talið til fyrimyndar hvað varðar efnahagslega og pólitíska þróun og þar er heldur ekki sterk rétttrúnaðarhefð. Aðalmunurinn á þessum ríkjum virðist vera sá að ákveðnar pólitískar stofnanir og reglur eru hagstæðari konum í Búlgaríu heldur en í Ungverjalandi. Til að mynda eru allir þingmenn í Búlgaríu kjörnir með hlutfallskosningu í fjölmenniskjördæmum á meðan stór hluti þingmanna í Ungverjalandi er kosinn með meirihluta- kosningu í einmenningskjördæmum. Einnig eru kynjakvótar stjórnmálaflokka hærrí í Búlgaríu heldur en í Ungverjalandi en háir kynjakvótar virðast hafa átt stóran hlut í að auka þátt búlgarskra kvenna í stjórnmálum.

Að lokum má segja að þátttaka kvenna í stjórnmálum í Mið- og Austur-Evrópu er enn ekki nægilega mikil þrátt fyrir aukningu á undanförmum árum. Hafa ber í huga að pólitískar stofnanir og reglur, svo sem kjördæmaskipan og kynjakvótar, geta gegnt mikilvægu hlutverki við að auka þátttöku kvenna í stjórnmálum. ■



Stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu 2005 – 2009

Þúsaldaryfirlýsing Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var á 56. allsherjarþingi SP árið 2000, leggur áherslu á að þjóðir heims verði að taka höndum saman í baráttunni gegn fátækt. Átta helstu áhersluatriði yfirlýsingarinnar eru kölluð Þúsaldarmarkmið um þróun. Í framhaldinu skuldbundu fátækari ríki heims sig til þess að vinna að efnahagslegum og félagslegum umbótum í löndum sínum og til þess að bæta stjórnarfar og halda uppi lögum og reglu. Drífa Hrönn Kristjánsdóttir þróunarfræðingur fjallar hér um stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu.

Segja má að þúsaldaryfirlýsing Sameinuðu þjóðanna hafi blásið nýju lífi í baráttuna gegn fátækt í heiminum. Ríkari þjóðir heims hafa í kjölfarið skuldbundið sig til þess að leggja meira fram til þróunarsamvinnu. Breyttar áherslur í heimsviðskiptum eru einnig mikilvægt skref til réttlátari tekjuskiptingar í heiminum en þar hallar mjög á þróunarríkin. Í yfirstandandi samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framtíð heimsviðskipta, Doha-samningalotunni, er lögð sérstök áhersla á hagsmuni fátækari ríkja.

Þróunarsamvinna Íslendinga byggir á fjórum meginstöðum en þær eru:

- Mannauður, jafnrétti og efnahagsleg þróun
- Lýðræði, mannréttindi og stjórnarfar
- Friður, öryggi og þróun
- Sjálfbær þróun

Innan þessara markmiða rúmast þróunarsamvinna Íslendinga bæði hvað varðar fjölþjóðlega og tvíhliða samvinnu.

Þróunarsamvinnan skiptist í þrjá álíka stóra hluta, framlög til fjölþjóðastofnana sem starfa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, framlög til friðargæslunnar og framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sem sér um tvíhliða aðstoð. Á síðustu fimm árum hafa heildarframlög til þróunarsamvinnu aukist um tæplega 500 milljónir króna og eru nú ríflega 1.500 milljónir króna. Mest munar um aukningu til enduruppbyggingar á ófriðarsvæðum en fjármagn til friðargæslunnar hefur aukist um um það bil 370 milljónir á þessum tíma, úr 168,6 milljónum árið 2001 í 541,2 milljónir árið 2004.

Frá stofnun íslensku friðargæslunnar árið 2001 hefur friðaruppbygging og aðstoð við fyrrum stíðshráð lönd verið hluti af framlagi Íslands til alþjóðasamstarfs. Í því sambandi má nefna öflugt starf friðargæslunnar í Bosníu og Hersegóvínu og Kósóvó, þar sem íslensk stjórnvöld hafa styrkt starfsemi UNIFEM um nokkurra ára skeið.

Tvíhliða þróunarsamvinna Íslendinga er á höndum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sem starfrækt hefur verið síðan 1981. Það er athyglisvert að framlög til tvíhliða þróunarsamvinnu hafa staðið í stað frá árinu 2001. Framlagið var þá 479,7 milljónir en 487,9 milljónir árið 2004.

Lengst af tengdist starfsemi ÞSSÍ sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda með verkefnum á sviði sjávarútvegs, s.s. rannsóknnum á fiskistofnum og aðstoð við uppbyggingu á grunnstöðum fiskveiðistjórnunar. Á undanföllum árum hefur verkefnaval stofnunarinnar orðið fjölbreyttara í takt við nýjar áherslur í þróunarsamvinnu. Grunnmenntun, fullorðinsfræðsla og verkefni á sviði heilsugeslu hafa bæst við en slík verkefni miða að því að bæta kjör þeirra sem verst eru settir og falla því vel að Þúsaldarmarkmiðunum. Jafnréttissjónarmiðum er gert hærra undir höfði en áður og boðuð er samþætting jafnréttissjónarmiða inn í verkefnavinnu hjá stofnuninni sem mun eflaust tryggja enn frekar að stofnunin vinni í anda þúsaldarmarkmiðanna og að verkefni beinist að þeim sem þurfa helst á aðstoð að halda, það er konum og börnum.

Það er athyglisvert að í stefnumiðum utanríkisráðuneytisins er lögð mikil áhersla á nán tengsl við aðrar þróunarsamvinnustofnanir sem og alþjóðastofnanir sem starfa á þessum vettvangi, bæði í löndunum þar sem starfið fer fram svo og á alþjóðavettvangi. Samræming starfs þessara stofnana í hverju landi og aðlögun að þróunaráætlunum landanna sjálfra ættu að skila markvissara starfi og verða til þess að þeir síauknu fjármunir sem lagðir eru til þróunarstarfa nýtist sem best.

Þróunarsamvinnan skiptist í þrjá álíka stóra hluta:

- framlög til fjölþjóðastofnana sem starfa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna
- framlög til friðargæslunnar
- framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sem sér um tvíhliða aðstoð

Á síðustu fimm árum hafa heildarframlög til þróunarsamvinnu aukist um tæplega 500 milljónir króna og eru nú ríflega 1.500 milljónir króna.

1. Eyða fátækt og hungri
2. Öll börn njóti grunnskólamenntunar
3. Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna
4. Lækka dánartíðni barna
5. Vinna að bættu heilsufari kvenna
6. Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyni
7. Vinna að sjálfbærri þróun
8. Styrkja hnattræna samvinnu um þróun

Í anda þúsaldarmarkmiðanna hafa íslensk stjórnvöld aukið framlög til þróunarmála jafnt og þétt frá árinu 2000. Nú er svo komið að þróunarsamvinna er orðin mikilvægur hluti af stefnu Íslendinga í utanríkismálum. Til marks um þá stefnu hefur utanríkisráðuneytið í fyrsta skipti birt heildstæð stefnumið í þróunarsamvinnu árin 2005 – 2009. Þar er að finna greinargott yfirlit yfir áherslur Íslands í þessum málum, bæði á sviði fjölþjóða- og tvíhliða samvinnu. Stefnan byggir á fjórum meginstöðum og er mjög í anda þúsaldarmarkmiðanna.

Uppgötvíð hamingjuna sem fylgir því að vera kvenleg og dansa elsta dans veraldar

Magadans er fyrir allar konur

Magadanshús Josy Zareen

Ármúla 18

- * Námskeið: Fyrir konur á öllum aldri (4 til 150 ára)
- * Gæsaparty (Magadans, Merengue og Hawaii Hula dans)

S. 581-1800

www.magadans.is

Kúgun kvenna: Trúarbrögð eða feðraveldi?

Mikið er talað um að múslimakonur séu kúgaðar, ómenntaðar og réttláusar í löndum þar sem feðraveldi ríkir, sérstaklega í arabalöndum. Íslam er oft kennt um þann ójöfnuð, þ.e. hann er tengdur við trú en ekki við vald karla. Er þetta fáfræði þeirra sem halda þessu fram eða vill fólk sýna fram á að Íslam sé trú frábrugðin öðrum trúarbrögðum? Amal Tamimi félagsfræðingur veltir því fyrir sér hvort kúgun kvenna í Miðausturlöndum sé sprottin af trúarlegum toga eða feðraveldi.

Múslimar, líkt og gyðingar og kristnir, trú á Guð, skapara alheimsins. Múslimar trú á spámenn, ekki bara Múhamed heldur líka spámenn gyðinga og kristinna manna; Abraham, Móse og Jesú. Múslimar trú á Kóraninn, eins og Torah gyðinga og Biblíu kristinna manna, sé byggður á töflum sem skrifaðar eru á arabísku og geymdar á himnum hjá Guði. Þeir trú á kenningar þeirra spámannanna, sem komið hafa fram í gegnum tíðina og eru birtar í Kóraninum, byggist á þessum töflum. Allir múslimar, sama hvert móðurmál þeirra er, verða að læra Kóraninn utan að á arabísku og biðja á arabísku.

Múhamed kom fram á miklum erfiðistímum á Arabíu-skaganum á sjöttu öld. Þjóðir voru í stríði, stéttaskipting var mikil og illa farið með margt fólk, t.d. þræla og ekki síst konur. Staða konunnar var mjög slæm. Hún var í raun eign föður síns og síðan eiginmanns síns og þeir gátu farið með hana eins og þeim sýndist. Múhamed var mjög framsækinn og langt á undan sinni samtíð varðandi hugmyndir sínar um konur. Hann kom fram á þessum tíma líkt og byltingarmaður með miklar umbótatillögur fyrir þá sem minna máttu sín og bætti mjög stöðu konunnar, til dæmis með því að segja að allar manneskjur væru jafnar fyrir Guði. Eitt af markmiðum hans var að frelsa þræla og eitt af ráðum hans til fólks var að gefa þræl frelsi til þess að þóknast Guði. Þegar hann var uppi máttu karlmenn eiga eins margar konur og þeir vildu en Múhamed takmarkaði fjölkvænið við fjórar konur. Á þeim tíma höfðu karlar staðið í stríði og voru konur þannig líklega fleiri en karlar sökum þess. Stúlkubörn voru drepin við fæðingu en drengir boðnir velkomnir í heiminn. Múhamed sagði að Guð bannaði þetta og að karlar og konur væru jöfn fyrir Guði. Það mætti ekki neyða konur í hjónaband og þær mættu skilja við eiginmenn sína. Konur mættu vinna launavinnu, eiga eignir, erfa, læra og sinna sjúkum í stríði sem lækna eða hjúkrunarfólk.

markaði, markmiðið var að efla efnahagslegt sjálfstæði kvenna; og hvatning til kvenna að taka að sér leiðtoga-hlutverk innan flóttamannasamfélagsins.

Allar aðgerðirnar voru góðra gjalda verðar þrátt fyrir að vera gerðar af miklum vanefnum enda fjármagn til starfsemi flóttamannabúða af skornum skammti. Einkum var tilvísunarkerfið mikilvægt. Það sem vantaði hins vegar upp á voru „mótvægisáðgerðir“ til að bæta líðan karlanna sem margir liðu andlegar kvalir sem allslausir og gagnlausir karlmenn. Hefðbundin verkaskipting kynjanna gerði það að verkum að konur héldu í hlutverk sín: að ná í eldivið og vatn, hugsa um börn og bú. Á sama tíma urðu karlar frekar iðjuleysi og drykkjuskap að bráð. Tilraunir til að fá karlmenn til að létta undir með konunum gengu misjafnlega enda litíð svo á að „kvennastörf“ væru karlmönnum ekki sambodin. Konur treystu heldur ekki karlmönnum fyrir umönnun barna. Það sem meira var að karlmenn urðu einnig fyrir ofbeldi af hendi kvenna, andlegu ofbeldi þar sem konur minntu karla á auma stöðu þeirra með meidandi hætti. Það gerði það að verkum að aðgerðir til að bæta hlut kvenna ýttu undir varnarviðbrögð karlanna sem litu svo á að vegið væri að því eina sem þeir áttu eftir: hefðbundnu tilkalli til virðingar. Afleiðingin var aukin sundrung í stað samheldni innan flóttamannasamfélagsins. Sértekar aðgerðir til að auka efnahagslegt sjálfstæði kvenna höfðu einnig tilhneigingu til að missa marks þar sem flóttamenn eru fátækir og þar með var erfitt að skapa eftirspurn eftir vörum kvenna.

Aðgerðirnar náðu heldur ekki að grafa undan þeim sterku fedraveldishugmyndum sem voru við lýði bæði í hugum kvenna og karla, eins og þeirri að einstæð kona sé nokkurs konar almannaæign, sem allir karlmenn geta gert tilkall til, á meðan gift kona nýtur verndar sem einkaeign. Öryggi kvenna var m.ö.o. háð hjúskaparstöðu þeirra frekar en efnahagsstöðu. Konur gripu því til sinna eigin (óheilla)ráða til að auka eigið öryggi: náðu sér í eiginmann. Vandamálið var hins vegar að konur voru fleiri en karlmenn. Það vandamál var leyst með fjölkvæni þrátt fyrir að vera ólöglegt í hinu kaþólska Búrúndi. Fjölkvæni varð síðan ávísun á framtíðarvandamál. Þegar kom að heimför þá var algengt að eiginmenn tækju einungis þá eiginkonu sem þeir voru löglega giftir í Búrúndi og þeirra börn með. Hinar voru skildar eftir í flóttamannabúðunum með „óskilgetin“ börn án nokkurs tilkalls til föður síns og þar með lands og eigna. Afleiðingin: fátækt og vændi. Vændi var líka hlutskipti kvenna í flóttamannabúðunum þó það væri ekki alltaf kallað því nafni þar sem það var leið kvenna til að lifa af. Einstæð kona, sem greinarhöfundur talaði við, hafði komið með tvö börn í flóttamannabúðirnar. Hún hitti heimamann utan búðanna sem „gaf“ henni landskika til ræktunar og tvö börn í kaupbæti. Landið var síðar gert upptækt eftir að eiginkona mannsins komst að öllu saman. Eftir stóð konan allslaus með fjögur börn. Bágborin staða kvenna með börn varð síðan stundum hvati fyrir þær til að búa áfram í flóttamannabúðunum í stað þess að snúa heim með ekkert nema óvissu í farartekinu. En eins og fyrr segir skorti oft samkennd meðal flóttamanna enda margir niðurbrotinir á sál og líkama og fjármagn af skornum skammti til að gera líf flóttamanna bætilegra. Í viðtölum greinarhöfundar við flóttamenn kom hins vegar fram mikill munur á því hvernig menn tóku mótlætinu. Sumir höfðu mikinn sálarstyrk og voru æðrulausir á meðan aðrir voru örvæntingafullir. Að lokum mun því verða gerð stutt grein fyrir því sem greinarhöfundur lagði til í niðurlagi rannsóknarskýrslu sinnar. Hugmyndin í ljósi þess sem við var að eiga var að kynna til sögunnar ódýra og gagnlega aðgerð fyrir bæði konur og karlmenn. Því var lagt til að flóttamönnum væri veitt aðstoð við að stofna samhjálpahópa á forsendum 12-spora kerfisins, aðlagð að menningu Búrúndi eftir atvikum, með það að markmiði að auka getu einstaklinga til að mæta örlogum sínum á uppbyggilegan hátt í eigin þágu og þágu samfélagsins. Nokkuð margir töldu að svo vestraent kerfi ætti ekki við meðal Búrúndimanna. Greinarhöfundur fékk hins vegar óvæntan stuðning við hugmyndina þegar hún heyrði fyrir einskæra tilviljun útvarpsviðtal við Basil Braveheart, mann sem býr á verndarsvæði frumbyggja Norður-Ameríku í Norður-Dakóta sem um margt svipar til flóttamannabúða þegar að er gáð. Í viðtalinu greindi hann frá því hvernig frumbyggjar hafa samþættað 12-spora kerfið við eigin helgisíði og venjur til að hjálpa þeim sem þurfa til að hjálpa sér sjálfum og þar með auka samhjálp og samkennd innan sinna samfélaga. Eins og hann komst að orði: að byggja upp samkennd og sterkara samfélag með því að græða sárin á sálinni. ■

1. Policy on Refugee Women (1990)
2. Guidelines on the Protection of Refugee Women (1991) and Guidelines on Preventing and Responding to Sexual Violence Against Refugees (1995)
3. Pain Too Deep for Tears: Assessing the Prevalence of Sexual and Gender Violence among Burundian Refugees in Tanzania (1995)
4. Seeking Protection: Addressing Sexual and Domestic Violence in Tanzania's Refugee Camps



Liffrænt ræktaðar matvörur frá 1986
Umhverfisvænar hreinlætisvörur • Náttúrulegar snyrtivörur
Heilsa - mannúð - umhverfisvernd

Yggdrasill

Skólavörðustíg 16 • S. 562 4082 • www.yggdrasill.is

Ofbeldi gegn konum

Austurríska leiðin gegn heimilisofbeldi

Sterk tengsl lagalegra og félagslegra aðgerða

Rosa Logar kom hingað til lands í tengslum við ráðstefnuna Konur í hnattrænum heimi – Peking áratug áleiðis sem UNIFEM og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum stóðu fyrir 21. október síðastliðinn. Allt frá árinu 1978 hefur Rosa tekið þátt í starfi sem miðar að því að útrýma hvers kyns ofbeldi gegn konum, heimilisofbeldi og öðrum mannréttindabrotum. Hún er framkvæmdastýra Domestic Abuse Intervention Program Vienna og ein af stofnendum WAVE (Women Against Violence Europe, 1994). Jónína Helga Þóroldsdóttir, sérfræðingur í alþjóðasamskiptum byggir þessa umfjöllun á grein Rosu: „The Austrian model of intervention in cases of domestic violence.“

Þegar samfélag tekur markviss skref í viðleitni sinni til að vinna gegn ofbeldi gegn konum þarf að eiga sér stað vitundarvakning. Rosa hefur sett fram slíkt áttak fram í þremur þrepum:

Fyrsta þrep: Fyrirbyggja þarf að ofbeldi eigi sér stað, t.d. með umræðum um ofbeldi og með herferðum. Þá þarf öfluga upplýsingaveitu um mannréttindi á öllum stigum samfélagsins, semja þarf kennslufni fyrir börn og unglinga, styrkja almenn gildi gegn mismunun og raunverulegt jafnrétti kvenna.

Annað þrep: Bera þarf kennsl á áhættuþætti og áhættuhópa og veita þeim aðstoð, meðal annars með því að koma upp hjálparlínu fyrir konur, styrkja sjálfstæði kvenna lagalega, efnahagslega og samfélagslega, svo og að veita konum af erlendum uppruna stuðning.

Þriðja þrep: Koma þarf í veg fyrir frekara ofbeldi, veita konum sem orðið hafa fyrir ofbeldi aðstoð, koma á fót atkvörfum fyrir konur, lögfesta ákvæði sem vernda konur gegn ofbeldi og tryggja nærgætna þátttöku lögreglu og sjálfstæði dómstóla.



Rosa Logar

Tilurð austurrísku leiðarinnar

Á níunda áratugnum varð áherslubreyting meðal kvenna sem tóku þátt í baráttunni gegn ofbeldi. Þær voru óánægðar með afstöðu samfélagsins til kvenna sem þurftu að þola ofbeldi en almennt var litíð svo á að það væri einkamál heimilanna. Sérfræðingar sem sinntu málefnum kvenna hófu að skrá hjá sér dómsmál og sýndu

þannig fram á að konum var kerfisbundið neitað um lagalega aðstoð. Aukin óánægja meðal kvenna varð til þess að yfirvöld voru knúin til að taka á ofbeldi sem konur urðu fyrir. Oft á tíðum var þó eina úrræði lögreglunnar að reyna að grípa inn í aðstæður og ráðleggja konum að fara að heiman með börn sín um tíma.

Mikilvægt skref var því stigið á mannréttindaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Austurríki árið 1993 þegar staðfest var að ofbeldi gegn konum væri brot á mannréttindum. Í kjölfarið ákvað ríkisstjórnin þar í landi að stofna nefnd sem hafði umboð til að semja frumvarp um verndun þeirra sem verða fyrir heimilisofbeldi. Nýjungin fólst í því að gerandinn var fjarlægður af heimilinu svo að sú eða þau sem hann hafði beitt ofbeldi gætu verið í friði.

Frumvarpið mætti andstöðu, eins og við mátti búast, og þá sérstaklega brottnám gerandans af heimilinu. Andstæðingar sögðu þetta vera brot gegn grundvallarmannréttindum og brjóta gegn 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Talsmenn frumvarpsins vísuðu þá til 2. mgr. sömu greinar, en samkvæmt henni gætu opinberir aðilar haft afskipti af einkamálum fjölskyldu ef lífi, heilsu og frelsi einstaklinga væri á einhvern hátt ógnað. Þess skal getið að markmið frumvarpsins var að vernda öll fórnarlömb ofbeldis innan fjölskyldu, ekki aðeins konur.



Undirbúningur frumvarpsins, *Vörn gegn ofbeldi*, tók þrjú ár. Árið 1996 var það samþykkt með miklum meirihluta greiddra atkvæða í austurríska þinginu og tóku lögin gildi 1. maí 1997.

Austurríska leiðin

Það sem er hvað áhrifaríkast við austurrísku leiðina eru sterk tengsl lagalegra og félagslegra aðgerða. Í grein sinni bendir Rosa Logar á að austurríska leiðin er ekki lausnin sem útrýmir ofbeldi gegn konum og hins vegar að með því að fara þessa leið er höfuðáhersla lögð á íhlutun lögreglu og dómstóla.

Eins og gefur að skilja þarf ýmislegt að koma til svo stöðva megi ofbeldi gegn konum en á meðal lýðræðisríkja er lykiltríði að binda ákvæði gegn því í lög. Ef sá sem brýtur af sér með því að beita konu ofbeldi er ekki sóttur til saka og ef konur sem brotið er á njóta engrar verndar eru skilaboðin þau að slíkt ofbeldi sé leyfilegt.

Fyrsta kvennaathvarfið í heiminum var sett á stofn í London árið 1971, því næst í Berlín 1976 og í Austurríki 1978. Undanfarinn aldarfjórðung hafa konur átt frumkvæði að því að hjálpa kynsysturum sínum sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Ríkisstyrkt kvennaathvörf í Austurríki eru nú 26 talsins og geta tekið á móti alls 400 konum og börnum. Gjaldfrjáls hjálparlína fyrir konur hefur verið starfrækt í Austurríki frá árinu 1999 en sú starfsemi nýtur einnig ríkisstyrkja. Vandamál kvennaathvarfa hafa aðallega verið fólgin í slæmu aðgengi kvenna úr dreifbýli, ekki eru heldur nógu mörg pláss í athvörfunum og á stundum hefur reynt erfitt að fjármagna starf þeirra. Því miður verða stofnanir og starfsemi kvenna oft verst úti þegar stjórnmöld ákveða að skera niður í ríkisrekstri.

Framkvæmd laganna um vörn gegn ofbeldi

Lagasetning nægir ekki til að vernda konur gegn ofbeldi. Útfæra verður lögin vandlega og á áhrifaríkan hátt. Í nokkrum löndum Evrópu eru nýsett lög um vörn gegn ofbeldi gegn konum áhrifalaus vegna þess að þeim er ekki fylgt eftir. Í

Austurríki var undirbúningur að framkvæmd laganna vandlega skipulagður. Þeir sem stóðu að lagasetningunni vissu að til þess að lögin yrðu sem áhrifamest þyrfti yfirgripsmikla þjálfun og viðhorfsbreytingu.

Nýjungar í frumvarpinu virtust hinum íhaldssömu Austurríkismönnum fremur róttækar, þ.e. að „húsbóndinn á heimilinu“ geti ekki lengur gert það sem honum þóknadist heldur yrði fjarlægður af heimili sínu ef hann gerðist sekur um ofbeldi. Búist var við mikilli andspyrnu gegn frumvarpinu af hálfu lögreglu en þar voru hefðbundin hlutverkaskipti enn við lýði og engar konur við störf fyrr en á síðari hluta níunda áratugarins. Þeir sem báru ábyrgð á að lögleiða frumvarpið fóru fram á sex mánaða undirbúningsfrest þar til lögin gengu í gildi til að löggæslufólk fengi fullnægjandi þjálfun. Nokkrum mánuðum eftir að lögin tóku gildi höfðu um 25.000 lögreglumenn sótt grunnnámskeið. Ýmsir aðrir sem áttu að bera ríka ábyrgð á framkvæmd laganna fengu einnig grunnþjálfun, svo sem aðilar sem störfuðu í dómkerfinu og þá fjölskyldurétti. Stofnaðar voru miðstöðvar fyrir konur í öllum landshlutum til að veita fórnarlömbum ofbeldis næga aðstoð.

Almenningur var jafnframt upplýstur um frumvarpið. Hrundið var af stað herferð undir slagorðinu „Rauða spjaldid fyrir ofbeldisfulla menn“ en þar var vísað til þess að enginn liði ofbeldi á fótboltavellinum og það sama ætti að gilda um heimilin.

Austurríska leiðin felur í sér þrjú samofna lykilþætti: Fórnarlömb ofbeldis verða að fá algjöra vernd gegn ofbeldi, þau eiga rétt á víðtækri aðstoð og þau skulu fá að vera um kyrrt á heimilum sínum.

Nálgunarbann

Þegar lögregla hefur verið kölluð til vegna gruns um að ofbeldi hafi átt sér stað ber henni að meta allar aðstæður. Ef grunur leikur á um að lífi, heilsu eða frelsi einstaklings sé ógnað ber lögreglu að fjarlægja af heimilinu þann sem stefnir viðkomandi í vöð og banna frá heimilinu í 10 daga. Markmiðið með því að fjarlægja gerandann af heimilinu er

að vernda alla einstaklinga sem þar búa, sama hver eigandi húsnæðisins er. Ef sú sem fyrir ofbeldinu verður sækir um verndartilskipun fjölskylduréttar er nálgunarbann lengt í 20 daga. Dómstólum ber að upplýsa lögreglu um slíka tilskipun, einnig ber lögreglu að upplýsa næstu kvennamiðstöð um atburðina og senda þangað öll gögn um málið. Ef börn undir löfgaldri eru á heimilinu skal hafa samband við barnaverndaryfirvöld. Þegar brottánámsskipun á sér stað skal upplýsa bæði geranda og þá sem fyrir ofbeldinu verða um aðgerðirnar með upplýsingabæklingum.

Lögregla skal fylgja brottvísun eftir með því að heimsækja viðkomandi heimili innan þriggja daga frá verknaðinum. Hafi gerandi snúið heim á ný er hann sektaður og tekinn af heimilinu með valdi, ef með þarf. Ef hann brýtur hvað eftir annað brottánámsskipun kann að koma til handtöku. Brottánámsskipun er ætlað að koma í veg fyrir ofbeldisverknað, líkamlegt ofbeldi þarf ekki að hafa átt sér stað þegar kemur til þess að vísa geranda af heimilinu. Hafi ofbeldi augljóslega verið beitt er lögreglu hins vegar skylt að skrá það sérstaklega. Samkvæmt austurrískum lögum ber að kæra hvers kyns ofbeldi.

Dómstólar og aðstoð við þá sem verða fyrir ofbeldi

Eftir tíu daga lögregluvernd tekur annað verndarkerfi við. Ef augljós hættu er yfirvofandi er það skylda ríkisins að vernda þann sem fyrir ofbeldinu verður. Hins vegar á brottánámsskipun ekki að virka í óákveðinn tíma. Tilgangur brottánámsins er að koma þeim sem fyrir ofbeldinu verða til hjálpar og koma þeim undan áhrifum þess sem beitir ofbeldi. Ef sá sem fyrir ofbeldinu verður telur sig þurfa lengri tíma getur það sótt rétt sinn til dómstóla. Tímabundið lögbann er þá í gildi meðan málið er fyrir dómstólum.

Frá upphafi var augljóst að lagasetning ein og sér nægði ekki til að hjálpa konum sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi. Því var hluti af framkvæmd laganna um vörn gegn ofbeldi gegn konum að byggja upp aðstoð við konur. Settar voru á stofn kvennamiðstöðvar í öllum fylkjum Austurríkis sem höfðu að markmiði að taka við upplýsingum frá lögreglu og veita þeim sem verða fyrir ofbeldi alla nauðsynlega aðstoð. Miðstöðvarnar eru reknar með styrkjum frá ríkinu og frá heilbrigðis- og kvennaráðuneytinu sérstaklega.

Miðstöðvarnar hafa skýrar starfsreglur. Nefna má að þeim er gert að vinna velferðaráætlun fyrir skjólstaðinga sína, þ.e. sérfræðingar miðstöðvarinnar skulu meta hættu sem hugsanlega stöðjar að fórnarlambinu og taka ákvörðun samkvæmt því.

Þá skipuleggja sérfræðingar miðstöðvanna námskeið ætluð mönnum sem beita ofbeldi, enda hluti af heildarskipulagi velferðaráætlunar að vinna með gerendum í ofbeldismálum. Námskeiðin eru haldin vikulega og er ofbeldismönnum gert að mæta óslitið í 32 vikur. Þeir hafa ekki val um hvort þeir vilja sitja námskeið heldur ber þeim að gera það samkvæmt dómsúrskurði. Þannig er ekki aðeins komið til móts við þá sem verða fyrir ofbeldi heldur einnig gerendur og þá má segja að hringnum sé lokað.

Austurríska leiðin hefur gefist afar vel og margar Evrópuþjóðir hafa sýnt áhuga á að fara sömu leið en eins og Rosa Logar bendir á er góður undirbúningur nauðsynlegur. Samfélög þurfa að setja sér langtíamarkmið um afnám ofbeldis gegn konum – lögin ein og sér útrýma ekki ofbeldinu. ■

Til að takast á við fyrirstöður sem hamlu útrýmingu ofbeldis þurfa þjóðfélög að sýna einbeittan vilja og setja sér langtíamarkmið. Til að framþróun verði og til að koma í veg fyrir bakslag er nauðsynlegt að baráttan gegn ofbeldi gegn konum sé ofarlega á dagskrá Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana.

Deloitte.

www.deloitte.is

Mansal er nútíma birtingarmynd þrælasölu. Farið er með fórnarlömb mansals sem söluvöru; karlar, konur og börn sem telja sig vera að fá tækifæri til að lifa mannsæmandi lífi eru í staðinn látin vinna nauðungarvinnu. Oft er vinnan á kynlífsmarkaðinum, þó það sé ekki algilt.



Sáttmáli Evrópuráðsins gegn mansali

Hinn 3. maí sl. var sáttmáli gegn mansali samþykktur af ráðherranefnd Evrópuráðsins. Sáttmálinn var lagður fram til undirritunar á fundi í Varsjá, í Póllandi dagana 16.–17. maí, þar sem þáverandi utanríkisráðherra Davíð Oddsson skrifaði undir fyrir Íslands hönd. Silja Bára Ómarsdóttir, sviðsstjóri á Jafnréttisstofu fjallar um sáttmálann og áætlun áhrif hans.

Sáttmáli Evrópuráðsins gegn mansali öðlast gildi þremur mánuðum eftir að tíu lönd, þar af átta sem eru meðlimir Evrópuráðsins, hafa skrifað undir hann og staðfest. Í lok ágúst höfðu 15 aðildarlönd skrifað undir en ekkert þeirra staðfest sáttmálann.

Sáttmálinn byggir á Palermo samþykkt Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2000 sem inniheldur fyrstu alþjóðlega samþykktu skilgreininguna á mansali. Maud de Boer-Buquicchio, aðstoðarframkvæmdastjóri Evrópuráðsins, telur nýja sáttmálann ganga lengra en Palermo samþykktin. Markmið sáttmálans er að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali, í öllum birtingarmyndum þess, hvort sem það á sér stað innanlands eða alþjóðlega, og hvort sem mansalið tengist skipulagðri glæpastarfsemi eða ekki. Mansal er talið skapa þriðja mesta gróðann af ólöglegri starfsemi í heiminum, á eftir vopna- og eiturlýfjasölu.

Ekki eru til áreiðanlegar tölur um fjölda fórnarlamba mansals en talið er að þeim hafi fjölgað mikið síðustu árin og ekkert bendir til þess að það sé að breytast. Fórnarlömb mansals eru svipt mannréttindum sínum og sé ekkert aðhafst getur mansal ógnað lýðræðislegum undirstöðum samfélagsins. Áður hafði Evrópuráðið gefið út ýmis tilmæli gegn mansali en með því að binda þau í alþjóðlegan samning er reynt að skapa formlegri umgjörð um aðgerðir gegn vandanum sem er ekkert annað en nútíma birtingarmynd þrælasölu. Farið er með fórnarlömb mansals sem söluvöru; karlar, konur og börn sem telja sig vera að fá tækifæri til að lifa mannsæmandi lífi eru í staðinn látin vinna nauðungarvinnu. Oft er vinnan

á kynlífsmarkaðinum, þó það sé ekki algilt.

Markmið sáttmálans er að réttindi fórnarlamba mansals skuli tryggð og að mismunur hvers kyns hafi ekki áhrif á mannréttindi þeirra. Hér er ekki einungis verið að vísa til mismununar á grundvelli kynferðis, heldur einnig félagslegrar stöðu, uppruna, trúar, litarháttar og stéttar, svo dæmi séu tekin. Þverfagleg nálgun er nauðsynleg til þess að útrýma mansali. Bæði þarf að vernda fórnarlömbin og sækja hina brotlegu til saka. Þá þarf að samræma löggjöf hinna fjölmörgu aðildarlönd og tryggja að þeim lögum sé fylgt eftir.

Það sem talið er að mansalsáttmálinn bæti við gildandi alþjóðlega samninga gegn mansali er hvernig tekið er á verndun fórnarlamba. Ætlunin er að gera þetta með því að stofna sjálfstæða eftirlitsstofnun eða nefnd sem gæti þess að aðilar að sáttmálanum uppfylli skilyrði hans. Nefndin, sem kölluð er GRETA (Group of Experts on Action Against Trafficking in Human Beings), er skilgreind í 36. gr. sáttmálans. Hún á að samanstanda af 10–15 sérfræðingum sem kosnir eru til fjögurra ára í senn. Nánar er fjallað um umboð nefndarinnar í VII. kafla sáttmálans.

Reynslan sýnir að svæðisbundin verkefni sem fylgja eftir alþjóðlegum samþykktum eru mjög áhrifarík. Evrópuráðið er réttindastofnun sem hefur stuðning við mannréttindi að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Því er eðlilegt að stofnunin geri baráttuna gegn mansali að einu af sínum helstu forgangsverkefnum. Við hljótum því að vonast til að sáttmálinn verði staðfestur af aðildarríkjunum sem fyrst til þess að hann öðlist þjóðréttarlegt gildi. ■

Sáttmálinn er aðgengilegur á vefsíðu Evrópuráðsins, sjá: http://www.coe.int/T/E/human_rights/trafficking/PDF_Conv_197_Trafficking_E.pdf. Þá má lesa almennt um mansal á <http://www.coe.int/T/E/Com/Files/Themes/trafficking/>.

„Reynslan sýnir að svæðisbundin verkefni sem fylgja eftir alþjóðlegum samþykktum eru mjög áhrifarík.“

Ofbeldissjóður UNIFEM

Ofbeldissjóði UNIFEM (e. Trust Fund to Eliminate Violence Against Women) var komið á fót af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1996 og er hann starfræktur á vegum UNIFEM. Markmið sjóðsins er að vekja athygli á og útrýma ofbeldi gegn konum í hvaða mynd sem það birtist. Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi fjallar um ofbeldi gegn konum og mikilvægi Ofbeldissjóðsins á alþjóðavísu.

„Ein af hverjum þremur. Sláandi tölur sem lýsa raunveruleikanum sem blasir við konum um allan heim. Af þremur ungum stúlkum sem sitja saman í kennslustund og læra að lesa og skrifa, mun ein verða fyrir ofbeldi af þeirri ástæðu einni að hún er kvenkyns. Af þremur konum sem eru saman að selja uppskeru sína á markaðinum verður ein fyrir líkamsárás, líklegast af hálfu maka síns, sem særir hana svo illa að hún mun ekki lengur geta séð fyrir fjölskyldu sinni. Um heim allan endurtekur ofbeldið sig: einhvern tímann á lífsleiðinni verður ein kona af hverjum þremur fórnarlamb nauðgunar, líkamsmeiðinga, hún þvinguð til kynlífsathafna eða henni misþyrmt á annan hátt.“

Þannig hefst nýleg skýrsla UNIFEM um ofbeldi gegn konum, *Ekki stundinni lengur* (e. Not a Minute More) sem fjallar um aðgerðir sem hafa gefist vel í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi víða um heim. Umfang og afleiðingar ofbeldisins eru sambærileg við HIV/alnæmi og malaríu en engu að síður er vandinn almennt hunsaður af almenningi og yfirvöldum sem hafa ekki getað þróað og fjármagnað nauðsynleg úrræði. Aðgerðir og vitundarvakning eiga uppsprettu sína í grasrótinni, hjá kvennahreyfingum og stuðningsaðilum þeirra. Á tiltölulega skömmum tíma hafa þessir aðilar breytt almennum skilningi á kynbundnu ofbeldi og knúið á um gerð alþjóðasamþykktar sem viðurkenna, í fyrsta sinn, rétt kvenna til lífs án ofbeldis.

Ofbeldissjóður UNIFEM

Í rúman áratug hefur UNIFEM verið framvörður alþjóðlegrar baráttu gegn kynbundnu ofbeldi með því að leiða saman konur frá öllum heiminum, styðja við starf þeirra og

miðla sjónarmiðum þeirra og reynslu. Þar gegnir Ofbeldissjóðurinn lykilhlutverki.

Ofbeldissjóðnum var komið á fót af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1996 og er hann starfræktur á vegum UNIFEM. Markmið sjóðsins er að vekja athygli á og útrýma ofbeldi gegn konum í hvaða mynd sem það birtist. Frá stofnun hefur sjóðurinn sameinað stofnanir Sameinuðu þjóðanna, stjórnvöld og fjölda kvennahreyfinga með stuðningi við tæplega 200 verkefni í 96 löndum.

Fjölbreytt verkefni

Með því að vekja athygli á mannréttindum kvenna hafa þessi verkefni meðal annars komið á tengslum aðgerðasinna og málsvara málaflokksins frá öllum heimshornum og sýnt fram á hversu mikil áhrif lítil, frumleg verkefni geta haft á löggjöf, stefnumótun og viðhorf. Ekki hvað síst hafa verkefnið rofið þagnarmúrinn um ofbeldi gegn konum með því að koma málefnum á dagskrá opinberra mála um allan heim.

„Frá stofnun hefur sjóðurinn sameinað stofnanir Sameinuðu þjóðanna, stjórnvöld og fjölda kvennahreyfinga með stuðningi við tæplega 200 verkefni í 96 löndum.“

Hugmyndir að verkefnum koma frá grasrótinni, kvenna- og mannréttindahreyfingum en fyrir tilstuðlan sjóðsins eru þau starfrækt í samstarfi við yfirvöld og aðra valdamikla aðila. Verkefnið kunna að vera eins ólík og þau eru mörg en rauður þráður í verkefnavali er áherslan á fræðslu enda þarf þekkingu og aukna vitund til að taka á svo djúpstæðum samfélagsvanda sem kynbundið ofbeldi er. Í verkefnum sem fá styrk úr sjóðnum er meðal annars lögð áhersla á aukna menntun kvenna, verkefni er þjálfá og upplýsa kennara, leiðbeinendur, heilbrigðisstarfsfólk og

Hugmyndir að verkefnum koma frá grasótinni, kvenna- og mannréttindahreyfingum, en fyrir tilstuðlan sjóðsins eru þau starfrækt í samstarfi við yfirvöld og aðra valdamikla aðila. Verkefni kunna að vera eins ólík og þau eru mörg en rauður þráður í verkefnavali er áherslan á fræðslu enda þarf þekkingu og aukna vitund til að taka á svo djúpstæðum samfélagsvanda sem kynbundið ofbeldi er.

lögregluþjóna í því hvernig eigi að bregðast við og fyrirbyggja ofbeldi gegn konum og verkefni sem miðast við að breyta viðteknum hugmyndum samfélaganna sem eiga í hlut. Oftar en ekki er hvatt til þátttöku karla á jafnræðisgrundvelli í verkefnum.

Ofbeldi á stríðshrjádum svæðum

Við úthlutun úr sjóðnum árið 2004 var lögð sérstök áhersla á verkefni á stríðshrjádum svæðum en sannað er að ofbeldi gegn konum eykst á meðan á vopnuðum átökum stendur og eins eftir að þeim lýkur. Nauðgun í stríði er ekki einungis gróft ofbeldisbrot gegn konunni sem fyrir henni verður heldur grefur verknaðurinn undan samfélagslegri samheldni þar sem þolendunum er útskúfað af fjölskyldu og samfélagi í kjölfarið. Fyrir tilstuðlan styrkja Ofbeldissjóðsins mun nú til dæmis verða ráðist í það verkefni í Lýðveldinu Kongó að fræða og þjálfa héraðshöfðingja í því að taka á samfélagslegum afleiðingum ofbeldis gegn konum. Í Suður-Súdan verða staðbundnar bjargir auknar til að safna heimildum um áhrif vopnaðra átaka á konur og þær upplýsingar notaðar við endurreisnarstarf í kjölfar átakanna. Einnig verður konum

þar tryggt aðgengi að þjónustu og þjálfun til að taka þátt í endurreisnarstarfinu.

Framlag íslenskra stjórnvalda til fjársvelts Ofbeldissjóðs

Frá upphafi hefur rúmum átta milljónum bandaríkjadala verið veitt úr Ofbeldissjóðnum til verkefna víða um heim en framboðið annar engan veginn eftirspurn. Auglýst er eftir umsóknum í gegnum svæðisskrifstofur UNIFEM og fleiri miðla og berst gríðarlegur fjöldi umsókna á ári hverju. Sótt er um styrkfé fyrir samtals tugi milljóna dollara en sjóðurinn hefur einungis úr einni milljón dollara að mæta á hverju ári. Sem dæmi má nefna að Osnat Lubrani, yfirmaður svæðisskrifstofu UNIFEM í Mið- og Austur-Evrópu sem stödd var hér á landi á dögnum hafði hið erfiða verkefni fyrir höndum að velja eitt verkefni sem styrkþega úr hópi 160 umsókna sem bárust frá svæðinu.

UNIFEM leggur um þessar mundir mikla áherslu á að efla fjárhagsstöðu sjóðsins og taka landsnefndimar öflugan þátt í því starfi. Íslensk stjórnvöld létu ekki sitt eftir liggja á árinu og veittu tæpum sex milljónum króna í Ofbeldissjóðinn sem er þreföldun framlags fyrri ára. ■

Gutenberg auglýsing

35%
afsláttur

- fyrir öryrkja
- fyrir eldri borgara



Viltu skipta
um augnlit?

Erum með frábært úrval af litalinum. Augnlitir sem setja punktinn yfir i-ið!

2 fyrir 1

Mikið úrval af gleraugum - alltaf nýjar sendingar!

Linsutilboð

- 3-ja mán. skammtur
- linsuökvi
- linsubox

aðeins
3.500,-



Sjón - alltaf betri þjónusta.

Laugavegi 62
sími 511 6699

Garðatorgi
sími 511 6696

www.sjon.is
sjon@sjon.is

sjón
gleraugnaverslun

Óskum UNIFEM á Íslandi til hamingju með ötult starf að góðum málefnum á liðnum árum

Akraneskaupstaður
Akureyrarbær
Alhliða pípulagnir, Bíldshöfða 16, Reykjavík
Bako ehf., Lynghálsi 7, Reykjavík
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23, Reykjavík
Blönduósbær
Borgarbyggð
Bókhalds- og tölvþjónustan sf., Böðvarsgötu 11, Borgarnes
Brimrún ehf., Hólmaslóð 4, Reykjavík
E. Ingason ehf., Hátúni 10, Reykjavík
E.T. ehf., Klettagörðum 11, Reykjavík
Efling – Stéttarfélag, Sætúni 1, Reykjavík
Eignamiðlunin ehf., Síðumúla 21, Reykjavík
Eldvarnir ehf., Iðavöllum 3g, Reykjanesbæ
Ellen Ingvadóttir, löggiltur skjalapýðandi og dómtúlkur, Laugavegi 163a
Endurvinnslan hf., Knarrarvogi 4, Reykjavík
Faxaflóahafnir
Fínþússning sf., Íshelli 2, Hafnarfirði
Fjárfestingafélagið Gaumur, Suðurlandsbraut 48, Reykjavík
Framsóknarflokkurinn
Fylgifiskar ehf., Suðurlandsbraut 10, Reykjavík
Gunnars Majónes, Dalshrauni 7, Hafnarfirði
Hallveigarstaðir, Túngötu 14, Reykjavík
Heilsustofnun NLFÍ, Grænumörk 10, Hveragerði
Hringsjá, stafspjálfun fatlaðra, Hátúni 10d, Reykjavík
Hvöt kvenfélag, Miðneshreppi
Höfðakaffi ehf., Vagnhöfða 11, Reykjavík
Ísafjarðarbær
Ísfugl ehf., Reykjavegi 36, Mosfellsbæ
Kaffitár ehf., Stapahrauni 7, Njarðvík
Kemis ehf., Breiðhöfða 15, Reykjavík
Kópavogsbær
Kvenfélag Öxfirðinga
Landssamband íslenskra verzlunarmanna
LH-Tækni ehf., Mörkinni 6, Reykjavík
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Borgartúni 35, Reykjavík
RARÍK, Rauðarárstíg 10, Reykjavík
Rauði kross Íslands, Akranesdeild
Rauði kross Íslands, Siglufjarðardeild
Rauði kross Íslands, Skagafjarðardeild
Síldarvinnslan hf., Hafnarbraut 6, Neskaupsstað
Sjálfstæðisflokkurinn
Sjúkraliðafélag Íslands
Sorpa bs., Gufunesi, Reykjavík
Suzuki bílar hf., Skeifunni 17, Reykjavík
Súðavíkurhreppur
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur
Verkalýðsfélagið Hlíf, Hafnarfirði
Verkstjórasamband Íslands
Verzlunarmannafélag Austurlands
Verzlunarmannafélag Suðurnesja
Þorbjörn - Fiskanes hf., Hafnargötu 12, Grindavík



Reykjavíkurborg



Hafnarfjarðarbær

rum.is



STARFSMANNAFÉLAG RÍKISSTOFNANA



HITAVEITA SUÐURNESJA HF



SELTJARNARNESBÆR



VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð



Landsbankinn Banki allra landsmanna



Skólabrú

R E S T A U R A N T

Skólabrú er glæsilegur veitingastaður í hjarta miðborgarinnar þar sem frábær matur og persónuleg þjónusta er í hávegum höfð.

Skólabrú býður líka uppá vinkjallara sem hentar vel fyrir minni hópa.

Skólabrú er opin alla daga frá kl. 18.00
Síminn er 562-4455
skolabru@skolabru.is

Gefðu

jólagjöf **sem VEX**



Framtíðarreikningur fyrir hrausta krakka

Framtíðarreikningur er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður átján ára og hefur þá margfaldað verðmæti sitt.

- ❄ Bestu vextir sparireikninga bankans
- ❄ Verðtryggður reikningur
- ❄ Bundinn þar til barnið verður 18 ára
- ❄ Auðvelt og þægilegt að spara reglulega

Þú færð Framtíðarreikning í næsta útibúi Íslandsbanka.

Flottur Latabæjarbolur í jólapakka fylgir Framtíðarreikningi*



*3.000 kr. lágmarksupphæð.